# ÁRSSKÝRSLA 2025

## HANDKNATTLEIKSFÉLAG KÓPAVOGS

















# EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS ..... 2

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ..... 5

SKÝRSLA HANDKNATTLEIKSDEILDAR ..... 8

SKÝRSLA KNATTSPYRNUDEILDAR ..... 11

SKÝRSLA BLAKDEILDAR ..... 15

SKÝRSLA BORÐTENNISDEILDAR ..... 20

SKÝRSLA DANSDEILDAR ..... 22

SKÝRSLA BANDÝDEILDAR ..... 23

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR ..... 25

ÁRSREIKNINGAR ..... 31

# ÁVARP FORMANNS

Kæru félagar

Árið 2025 byrjaði afar vel hjá HK þegar Glódís Perla Viggósdóttir var valin íþróttamaður ársins 2024 með fullt hús stiga, fyrst HK-inga til að ná þeim merka áfanga. Af því tilefni var haldin glæsileg hátíð í Kórnum 5. janúar þar sem HK heiðraði hana í viðurvist fjölmargra gesta og ungra aðdáenda.

Síðar í mánuðinum, þegar HK fagnaði 55 ára afmæli sínu, var íþróttahátíð félagsins haldin með pompi og prakt. Þar voru Líney Inga Guðmundsdóttir valin íþróttakona HK, Birnir Breki Burknason íþróttakarl HK og U20 kvennalið blaksins lið ársins. Einnig var Gunnsabikarinn afhentur í fyrsta sinn framúrskarandi sjálfboðaliða.

Sérstaklega eftirminnilegur var þó styrktarleikur 4. flokks karla fyrir félaga sinn, Tómas Frey Guðjónsson, sem sýndi af einstökum krafti þann hlýhug, samhug og styrk sem einkenna HK sem samfélag.



Á 101. héraðsþingi UMSK í Kórnum 22. mars 2025 voru fjölmargir HK-ingar heiðraðir. Ragnar Gíslason hlaut gullmerki ÍSÍ, Valdís Arnarsdóttir og Gunnþór Hermannsson silfurmerki ÍSÍ, Níels Einarsson starfsmerki UMFÍ og Sigurður Viðarsson félagsmálaskjöld UMSK. Þá hlaut dansdeild HK hvatningarverðlaun UMSK fyrir öflugt starf með yngstu iðkendum. Á aðalfundi HK sem haldinn var 8. apríl 2025 voru félagsmenn jafnframt heiðraðir fyrir störf sín í þágu félagsins. Starfsmerki HK hlutu Kristín Jónsdóttir og Sigurrós Lilja Grétarsdóttir, silfurmerki HK hlutu Brynjar Freyr Valsteinsson, Hákon Hermannsson Bridde og Ólafur Víðir Ólafsson, og gullmerki HK hlutu Halldór Ásgrímur Elvarsson og Ómar Ingi Guðmundsson. Þessar heiðranir endurspegla þann sterka mannauð og ómetanlega framlag sem býr innan félagsins.

Starfsemi HK nær til yfir 2.500 iðkenda og er eitt stærsta íþróttafélag landsins. HK stendur fyrir fjölbreyttu og öflugu viðburðahaldi sem endurspeglar breidd og styrk félagsins. Viðburðir eru haldnir þvert á deildir og spanna allt frá íþróttamótum og keppnum til mannamóta, og gegna mikilvægu hlutverki í að efla tengsl innan félagsins og við nærumhverfið. Kjarninn í starfi HK er öflugt barna- og unglingastarf sem leggur grunn að framtíð félagsins.

Eins og áður stóðu deildir félagsins fyrir fjölmörgum íþrótta- og tekjuöflunarviðburðum sem styðja við rekstur þeirra, en ljóst er að sífelld áskorun er að tryggja nægar tekjur til að halda úti öflugu íþróttastarfi. Þar má nefna herra- og konukvöld HK sem tókust afar vel. Þá var hið glæsilega Kópavogsblót, í samstarfi við Breiðablik og Gerplu, haldið í fimmta sinn í janúar 2025 með vel yfir 2.000 gestum og undirstrikaði enn frekar þann kraft og samstöðu sem einkennir íþróttahreyfinguna í Kópavogi.

HK er í samstarfi við Arena þar sem boðið er upp á skipulagt rafíþróttastarf undir merkjum félagsins við framúrskarandi aðstæður og þjálfun. Markmiðið er að skapa jákvætt og uppbyggilegt umhverfi fyrir börn og unglinga til að stunda rafíþróttir.

Hlaupahópur HK er öflugur og hefur vaxið verulega á undanförnum árum. Íþróttaskóli HK nýtur áfram mikilla vinsælda meðal yngstu iðkenda og oft er fullt út úr dyrum af kátum börnum. Samhliða því hefur félagið lagt aukna áherslu á að mæta þörfum breiðari hóps iðkenda, meðal annars með því að bjóða upp á íþróttaskóla fyrir börn með stuðningsþarfir. Þar er lögð áhersla á jákvæða upplifun, hreyfingu og leik í öruggu og styðjandi umhverfi, og er aðgangur að starfinu gjaldfrjáls.

Eitt af lykilhlutverkum aðalstjórnar er að tryggja aðstaða félagsins til iðkunar og þróunar sé í samræmi við þarfir vaxandi starfsemi. Aðstaðan í Kórnum er almennt góð og ríkir ánægja meðal iðkenda, þjálfara og foreldra. Húsnæðið er þó í mjög mikilli og stöðugri notkun, enda er Kórinn ekki eingöngu nýttur af HK heldur einnig af Kóraskóla. Þá er knatthúsið jafnframt nýtt fyrir ýmiss konar viðburði, sem geta á köflum haft áhrif á skipulag og starfsemi félagsins.

Kórinn er mikilvægur samkomustaður barna og ungmenna í hverfinu og gegnir í raun hlutverki eins konar félagsmiðstöðvar. Kórinn þjónar þó ekki aðeins yngri kynslóðinni heldur einnig eldri iðkendum, meðal annars í gegnum verkefnið *Virkni og vellíðan*, þar sem stunduð er regluleg hreyfing. Iðkendur HK eru velkomnir að nýta knatthúsið innan útivistartíma, með það að markmiði að skapa öruggt og jákvætt umhverfi fyrir hreyfingu og samveru. Þessi fjölþætta nýting kallar á markvissa stýringu, gott skipulag og skýra forgangsröðun til að tryggja að aðstaðan nýtist sem best fyrir alla starfsemi félagsins. Áhersla er lögð á reglubundið viðhald, eðlilega endurnýjun og áframhaldandi þróun aðstöðunnar til að mæta breyttum kröfum og auknu umfangi íþróttastarfs. Aðalstjórn vinnur með Kópavogsbæ að frekari uppbyggingu á félagssvæði HK, þar á meðal varðandi stúkuaðstöðu og nýjan gervigrasvöll. Sú vinna er mikilvæg fyrir framtíðarþróun félagsins og stendur enn yfir.

Veruleg uppbygging er framundan í hverfinu með fjölgun íbúa, sem fyrirséð er að muni auka eftirspurn eftir aðstöðu til íþróttaiðkunar enn frekar. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að halda áfram uppbyggingu og þróun mannvirkja félagsins með langtímahugsun að leiðarljósi. Samhliða þessu felast mikilvæg tækifæri til áframhaldandi uppbyggingar og styrkingar á starfsemi HK, þar sem markmiðið er að tryggja að félagið haldi áfram að vera leiðandi afl í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Áhersla næstu missera verður einkum á að styrkja aðstöðu félagsins, efla tekjugrunn og styðja við áframhaldandi vöxt barna- og unglingastarfs.

Rekstur félagsins hefur verið stöðugur á árinu og einkennst af ábyrgri fjármálastjórn og góðri samvinnu við deildir félagsins. Lögð hefur verið áhersla á skýrt aðhald, reglulega eftirfylgni og opið samtal við deildarstjórnir, meðal annars í gegnum fundi þar sem farið er yfir rekstur, stöðu og helstu áskoranir hverju sinni. Fjáröflun og daglegur rekstur deildanna er áfram krefjandi verkefni og ljóst að auknar kröfur eru gerðar til skipulags og forgangsröðunar. Með samstilltu átaki skrifstofu, aðalstjórnar og deilda hefur þó tekist að halda rekstri í góðu jafnvægi. Unnið er markvisst að því að efla tekjugrunn félagsins, meðal annars með því að leita nýrra styrktaraðila. Sú vinna er bæði tímafrek og krefjandi og skilar ekki ávallt árangri til skemmri tíma, en er engu að síður lykilþáttur í að tryggja áframhaldandi uppbyggingu og stöðugleika í starfi félagsins.

Aðalstjórn HK vill færa öllum þeim sjálfboðaliðum sem lagt hafa sitt af mörkum innilegar þakkir. Framlag þeirra er ómetanlegt og myndar grunninn að því fjölbreytta og öfluga starfi sem félagið stendur fyrir. Sjálfboðaliðar eru burðarás í starfsemi HK og án þeirra væri hvorki unnt að halda úti viðburðum né daglegu starfi deildanna. Mikilvægt er að hvetja fleiri til þátttöku í þessu mikilvæga sjálfboðaliðastarfi, enda er framlag sjálfboðaliða lykilforsenda áframhaldandi uppbyggingar félagsins. Þegar álag dreifist á færri einstaklinga getur það haft áhrif á umfang og gæði starfsemi einstakra deilda. Á sama tíma standa íþróttafélög frammi fyrir auknum væntingum frá samfélaginu um faglegt og öflugt starf, á sama tíma og þau byggja að stórum hluta á sjálfboðaliðum til reksturs og fjáröflunar. Þessi staða undirstrikar mikilvægi þess að halda áfram að styðja við og efla

sjálfboðaliðastarf innan félagsins og leita leiða til að laða fleiri að og tryggja traustan grunn undir starfsemi HK til framtíðar.

HK tók þátt í vinnustaðagreiningu VR með góðum árangri, þar sem jafnrétti, fagmennska og sterkur starfsandi voru meðal helstu styrkleika félagsins. HK samþykkti á árinu nýja jafnréttisstefnu sem hefur það að markmiði að tryggja jafnræði allra iðkenda og jafna stöðu innan félagsins. Stefnan nær til allrar starfsemi HK og felur meðal annars í sér áherslu á jafnan aðgang að æfingatímum, aðstöðu, fjármagni og tækifærum óháð kyni.

Í lok árs lét Sandra Sigurðardóttir af störfum sem framkvæmdastjóri HK eftir farsælt starf fyrir félagið. Aðalstjórn þakkar Söndru fyrir hennar mikilvæga framlag, fagmennsku og þá þróun sem átti sér stað í hennar tíð og óskar henni velfarnaðar í nýjum verkefnum. Við starfi framkvæmdastjóra tók Sveinbjörn Sveinbjörnsson og er hann boðinn hjartanlega velkominn til starfa. Miklar væntingar eru bundnar við áframhaldandi uppbyggingu og þróun starfsins undir hans leiðsögn.

Ég er afar stolt af því starfi sem unnið er innan HK.
Með samstilltu átaki allra þeirra sem að félaginu koma er HK vel í stakk búið til að takast á við framtíðina.

Áfram HK!

F.h. aðalstjórnar
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir
Formaður aðalstjórnar

# SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR

Aðalstjórn HK er í forsvari fyrir félagið gagnvart ÍSÍ, UMFÍ, UMSK, Kópavogsbæ, opinberum yfirvöldum og aðalstjórnum annarra íþróttafélaga.

Aðalstjórn ber ábyrgð á fjárreiðum deilda, hún setur deildum reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna og hefur eftirlit með þeim. Aðalstjórn annast rekstur eigna og íþróttahúsa HK, starfrækir íþróttaskóla HK ásamt almenningsíþróttahópum.

Eftirfarandi skipuðu stjórn á starfsárinu:

| | |
|---|---|
| **Árnína Steinunn Kristjánsdóttir** | formaður |
| **Alexander Arnarson** | varaformaður |
| **Anný Berglind Thorstensen** | meðstjórnandi |
| **Guðmundur K. Guðmundsson** | meðstjórnandi |
| **Anna Fríða Stefánsdóttir** | meðstjórnandi |
| **Andrés Jónsson** | meðstjórnandi |
| **Kristinn Brynjar Pálsson** | meðstjórnandi |
| | |
| **Sandra Sigurðardóttir** | framkvæmdastjóri til desember 2025 |
| **Sveinbjörn Sveinbjörnsson** | framkvæmdastjóri frá desember 2025 |

**Helstu viðburðir á árinu 2025**
Félagið hélt stór mót í Kórnum á árinu, þ.á.m. MaiKai fyrir yngstu flokkana í knattspyrnu og Ákamótið í handbolta fyrir 7. flokk karla og kvenna. Nánar má lesa um rekstur deilda og árangur í skýrslum viðkomandi deilda.

**Styrktaraðilar**
Helstu styrktaraðilar HK hafa haldið tryggð við félagið og staðið þétt við bakið á félaginu á undanförnum árum. Það er ómetanlegt fyrir okkur HK-inga að hafa jafn öflug og traust fyrirtæki sem bakhjarla félagsins. Við sendum þeim okkar bestu þakkir.

**Íþróttaskóli barna**
Aðalstjórn HK heldur úti íþróttaskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 5 ára með aðsetur í Kórnum. Þar hefur farið fram fjölbreytt og skemmtileg dagskrá sem miðar að því að efla skyn- og hreyfiþroska.

Markmiðið íþróttaskólans er að kynna börnin fyrir fjölbreyttri hreyfingu og verkefnum við bestu mögulegu aðstöðu til iðkunar. Við leggjum okkur fram við það að upplifun iðkenda og foreldra sé með besta móti og öllum á að líða vel í Kórnum.

**Hlaupahópur**
Hlaupahópur HK hefur vaxið og dafnað og samanstendur af kröftugum og öflugum hlaupurum. Hlaupahópur HK stóð m.a. fyrir Vatnsendahlaupinu sem heppnaðist einstaklega vel.

**Keppnisbúningar HK**
Aðalstjórn tók á árinu ákvörðun um að fara nýja leið við hönnun keppnisbúninga félagsins með það að markmiði að styrkja enn frekar ásýnd og sjálfsmynd HK. Í þeirri vinnu var haft víðtækt samráð við deildarstjórnir og voru drög að nýjum búningi kynnt á fjölmennum fundi vorið 2025. Lögð var aukin áhersla á bláa litinn, með skýrri tengingu um umhverfið og stöðu HK sem „lið fólksins“. Með þessu er lagður grunnur að sterkari og skýrari ímynd félagsins til framtíðar.

**Rafíþróttadeild HK**
HK hélt áfram samstarfi við Arena Gaming um þjálfun rafíþrótta. Iðkendur HK stunda nú rafíþróttir hjá Arena við bestu mögulegu aðstæður. Samstarfið hefur verið ánægjulegt og verður spennandi að fylgjast með rafíþróttunum stækka á næstu misserum.

**Mannauður**
Mannauður HK liggur fyrst og fremst í frábærum iðkendum, kraftmiklu stjórnar- og starfsfólki ásamt þjálfurum innan allra deilda. Hjá HK starfa um og yfir 150 manns við þjálfun í sex deildum. Skrifstofa félagsins sér um allan daglegan rekstur og hefur eftir fremsta megni reynt að létta á störfum sjálfboðaliða félagsins. Faglegu starfi deilda er stýrt af stjórnum þess og ráðum, sem sjálfboðaliðar skipa, en þar situr frábært fólk sem vinnur óeigingjarnt starf fyrir félagið.

**Afrekssvið Menntaskólans í Kópavogi (MK)**
Frá 2019 hefur MK haldið úti afrekssviði fyrir metnaðarfullt íþróttafólk. Afrekssviðið er opið fyrir alla óháð íþróttafélögum og æfa stórir hópar hjá okkur í Kórnum bæði handbolta og fótbolta frá hinum ýmsu félögum. Æfingarnar fara fram tvisvar í viku undir styrkri stjórn öflugra þjálfara.

**Heilsuefling eldri borgara**
„Virkni og vellíðan“ er verkefni sem miðar að heilsueflingu fyrir 60 ára og eldri í Kópavogi. Þátttakendur fá tækifæri til að stunda hreyfingu í því félagi sem stendur næst heimili þeirra. Í Kórnum eru nú yfir 250 iðkendur í átta hópum sem stunda reglulega hreyfingu og er gríðarlega gaman að sjá hversu öflugur hópurinn er.

**Íþróttahátíð HK**
Íþróttahátíð HK vegna ársins 2025 var haldin þann 11. janúar 2026. Margt var um manninn þar sem fremsta íþróttafólk HK var heiðrað.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri HK, setti hátíðina og ávarpaði íþróttafólk og aðra gesti.



Í ár voru eftirfarandi heiðranir veittar þeim íþróttamönnum HK sem þóttu hafa skarað framúr á árinu, sem jafnframt voru tilnefndir af félaginu til íþróttafólks Kópavogsbæjar í viðeigandi flokki.

**Íþróttafólk HK 2025**

**Íþróttakona HK** – Isabella Eva Aradóttir, Knattspyrnudeild.

**Íþróttakarl HK** – Arnar Birkir Björnsson, Blakdeild.




**Lið ársins 2025** – U20 kvenna í blaki.

**Sjálfboðaliði ársins 2025 (Gunnsabikarinn)**
Kristín Jónsdóttir

**Á árinu 2025 voru eftirfarandi einstaklingar heiðraðir af deildum fyrir góðan árangur:**

**Blakkona og blakkarl ársins** – Savannah Dean Marshall og Arnar Birkir Björnsson

**Blakkona og blakkarl ársins í flokki ungmenna** – Þorbjörg Rún Emilsdóttir og Símon Þór Gregorsson

**Danskona og danskarl ársins í flokki ungmenna** – Emilía Ísis Nökkvadóttir og Birgir Hrafn Andrason

**Handknattleikskona og handknattleikskarl ársins** – Danijela Sara Bokan Björnsdóttir og Sigurður Jefferson Guarino

**Handknattleiksskona og handknattleikskarl ársins í flokki ungmenna** – Hekla Sóley Halldórsdóttir og Bjarki Freyr Sindrason

**Knattspyrnukona og knattspyrnukarl ársins** – Isabella Eva Aradóttir og Þorsteinn Aron Antonsson

**Knattspyrnukona og knattspyrnukarl ársins í flokki ungmenna** - Elísa Birta Káradóttir og Bjarki Örn Brynjarsson

**Borðtenniskarl ársins** - Óskar Agnarsson

**Borðtenniskarl ársins í flokki ungmenna** – Benedikt Orri Garðarsson Malmquist

**Bandýkona og bandýkarl ársins** – Bára Gunnarsdóttir og Matthías Rúnarsson

**Bandýkona og bandýkarl ársins í flokki ungmenna** – Álfhildur Sunna Úlfsdóttir og Ívar Öberg

**Innilega til hamingju HK-ingar með frábært ár og flottan árangur – framtíðin er ykkar!**

# SKÝRSLA HANDKNATTLEIKSDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

| | |
|---|---|
| **Brynjar Freyr Valsteinsson** | formaður |
| **Magnús Fjalar Guðmundsson** | varaformaður |
| **Unnur Vala Jónsdóttir** | gjaldkeri |
| **Tryggvi Haraldsson** | ritari |
| **Ómar Þór Lárusson** | meðstjórnandi |
| **Sindri Sveinsson** | meðstjórnandi |
| **Valdís Arnarsdóttir** | form. mfl.ráðs kvenna |
| **Hanna C. Jóhannsdóttir** | form. mfl.ráðs karla |

Handknattleiksdeild HK er ein stærsta og öflugasta deild á landinu en nú æfa hátt í 600 krakkar handbolta hjá HK. Deildin hefur á að skipa hæfileikaríkum þjálfurum, metnaðarfullu starfsfólki á skrifstofu félagsins og ekki síst hópi sjálfboðaliða sem leggja fram ómælda vinnu fyrir félagið. Þessi samhenti hópur gerir deildarstjórn kleift að halda úti mjög öflugu starfi á þremur starfstöðum félagsins, í Kórnum, í Digranesi og á Kársnesi. Það er mikilvægt fyrir eina félagið sem býður iðkendum að æfa handknattleik í Kópavogi að bjóða upp á nokkrar starfsstöðvar til að ná til sem flestra iðkenda. Ef vel á að vera þarf að vera í boði handbolti í öllum hverfum Kópavogs, en því miður hefur starfsstöðvum HK fækkað fremur en fjölgað á síðustu árum. Áfram mun stjórn handknattleiksdeildar leggja áhersla á að reyna að ná til sem flestra krakka í Kópavogi og kynna þeim fyrir handbolta.

**Meistaraflokkur kvenna**

Á yfirstandandi tímabili hefur meistaraflokkur kvenna spilað í næst efstu deild. Í upphafi tímabilsins kom í ljós að liðið ætlaði að láta til sín taka á vellinum í vetur. Frammistaða liðsins hefur verið mjög góð í vetur og náði það að tryggja sér efsta sæti deildarinnar. Liðið mun því spila í efstu deild á næsta tímabili. Liðið er að langmestu leyti skipað ungum uppöldum leikmönnum úr HK ásamt því sem reyndari uppaldir leikmenn hafa verið mikill styrkur fyrir liðið. Áfram er stefnt að því að skipa liðið að mestu leyti uppöldum leikmönnum úr HK enda býr félagið að einstaklega öflugu yngri flokka starfi sem skilar mörgum öflugum leikmönnum í meistaraflokka félagsins.

Hilmar Guðlaugsson hefur stýrt liðinu í vetur og hefur Sóley Ívarsdóttir verið spilandi aðstoðarþjálfari. Davíð Elí Heimisson hefur verið til aðstoðar á leikjum liðsins. Samningur Hilmars rennur út að yfirstandandi tímabili loknu en hann ákvað að framlengja ekki samning við HK. Hilmar hefur stýrt liðinu frá árinu 2023 og hefur átt stóran þátt í að byggja upp ungt og upprennandi lið HK og hafa framfarir liðsins verið miklar eins og árangurinn sannar. Sóley og Davíð hafa komið sterk inn í þjálfarateymið í vetur.

Stjórn handknattleiksdeildar hefur ráðið Dag Snæ Steingrímsson sem þjálfara frá og með næsta tímabili. Mikil eftirvænting ríkir fyrir komu Dags en hann hefur meðal annars verið aðstoðarþjálfari mfl. kvenna hjá Val.

Það eru sannarlega forréttindi fyrir félag eins og HK að eiga marga iðkendur í yngri flokkum félagsins. Það þýðir jafnframt að það fá ekki allir tækifæri til að spila með meistaraflokkum félagsins þótt getan sé til staðar. Það hefur því staðið til um nokkurt skeið að bjóða upp á

ungmennalið kvenna þar sem yngri leikmenn fá tækifæri að þróa tækni og spilamennsku gegn sterkum andstæðingum. Vonandi verður þessi möguleiki að veruleika á allra næstu misserum.




## Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla háði harða baráttu í Olísdeildinni þennan vetur og endaði í áttunda sæti deildarinnar með 16 stig. Liðið spilaði því í úrslitakeppni nú annað árið í röð en það gerðist þar á undan árið 2012 en það er árið sem HK vann sinn fyrsta og eina íslandsmeistaratitil í handbolta. Lið meistaraflokks karla er að mestu skipað leikmönnum sem hafa spilað í yngri flokkum hjá HK en síðan hafa verið nokkrir leikmenn bæst í hópinn sem hafa styrkt liðið. Leikmenn meistaraflokks karla hafa lagt sig alla fram í vetur og hafa náð að byggja ofan á þann góða árangur sem náðst hefur á undanförnum árum og munu áfram spila í efstu deild á næsta tímabili. Halldór Jóhann Sigfússon er þjálfari meistaraflokks karla og honum til aðstoðar er Vilhelm Gauti Bergsveinsson sem jafnframt stýrir ungmennaliði HK.

HK tefldi fram ungmennaliði karla sem spilaði í næstefstu deild á yfirstandandi tímabili. Liðið var að mestu skipað leikmönnum úr 3. flokki félagsins ásamt yngri leikmönnum úr meistaraflokki karla. Liðið endaði í 10. sæti deildarinnar og heldur því sæti sínu í deildinni á næsta tímabili. Ungmennaliðið mun áfram gegna mikilvægu hlutverki við að gefa leikmönnum í yngri flokkum félagsins tækifæri á að spila með reyndari leikmönnum úr meistaraflokki og fá verkefni við hæfi.




## Starfsemi yngri flokka

Barna- og unglingaráð stýrir starfsemi yngri flokka HK en í þjálfun í yngri flokkum félagsins leiðir Ólafur Víðir Ólafsson yfirþjálfari með dyggri aðstoð frá starfsmönnum skrifstofu, þeim Birki Erni Arnarssyni íþróttastjóra HK og Davíð Elí Heimissyni verkefnastjóra handknattleiksdeildar. Þjálfarar yngri flokka eru rúmlega 20 aðalþjálfarar og 20 aðstoðarþjálfarar.

Á árinu var staðið fyrir fræðslu fyrir þjálfara ásamt dómaranámskeiði fyrir iðkendur. Mikil ánægja ríkti með námskeiðin sem jók áhuga á þjálfun og dómgæslu meðal iðkenda hjá HK. Ákamótið var haldið í mars í Kórnum en mótið er stærsta handboltamót landsins þar sem nálægt 900 stelpur og strákar í 7. flokki koma í Kórinn til að keppa í handbolta. Stjórn Barna- og unglingaráðs félagsins hélt utan um mótið með dyggri aðstoð frá fjölda sjálfboðaliða en þetta var í 29. árið sem mótið var haldið. Mótið tókst mjög vel að þessu sinni.

Ekki var slegið slöku við í öflugu yngri flokka starfi HK á liðnu starfsári. Eftirtektarverður árangur 5. og 6. flokks er góður og er HK með lið þar ofarlega í stigum til Íslandsmeistara í flestum flokkum. Góður árangur náðist í bikarkeppni en lið frá HK komust í undanúrslit sem er frábær árangur, en lengst komst 4. flokkur karla alla leið í úrslitaleik og krækti sér í silfur. Eftir deildarkeppnina hófst úrslitakeppnin þar sem HK var með lið í nokkrum flokkum. Lið 3. flokks kvenna komust í undanúrslit en báru skarðan hlut frá borði gegn liði ÍBV. Lið 4. flokks kvenna fóru alla leið í úrslit þar sem þær töpuðu naumlega gegn liði Vals. Lið 4. flokks kvenna átti einnig lið í B-úrslitum sem

komust alla leið í undanúrslit. Strákarnir í 4. flokki féllu úr leik í 8-liða úrslitum gegn Aftureldingu sem varð Íslandsmeistari. Karlalið 4. flokks sendi einnig lið í B-úrslit þar sem þeir duttu út í undanúrslitum. Það er hluti af því að þroskast sem handboltamaður að fá að spila þýðingarmikla leiki fyrir framan fulla stúku af stuðningsmönnum. Leikmenn HK komu reynslunni ríkari heim þrátt fyrir að hafa ekki komist alla leið. Fjöldi liða í úrslitakeppni vitnar um öflugt yngri flokka starf.




HK sendi lið á Partille Cup í Svíþjóð eins og mörg undanfarin ár. Að þessu sinni fóru tæplega 90 krakkar í 5. flokki karla og kvenna ásamt 4. flokki kvenna. Árangur liðanna var stórglæsilegur á móti félagsliðum víðsvegar að úr heiminum en tilgangur svona ferðar er ekki síður að efla liðsheild og þétta raðirnar en að þessu sinni tókst einstaklega vel til. 4. flokkur karla fór á Generation Handball handboltamót í Viborg í ágúst. Eldra árið skipað strákum fæddum árið 2009, lenti í 2. sæti í sínum flokki. Yngra árið skipað strákum fæddum árið 2010 vann mótið í sínum flokki. Einstaklega góður árangur hjá báðum árgöngum.

Þau félagslið á Norðurlöndum sem standa sig vel á landsvísu í sínum árgangi hafa fengið boð á mót Norden Cup í Gautaborg milli jóla og nýárs ár hvert. Mótið hefur verið haldið í ríflega 20 ár og er óformlegt Norðurlandamót félagsliða í yngri flokkum. Að þessu sinni fór 4. flokkur kvenna með lið á Norden Cup og náði þar 3. sæti sem er frábær árangur á móti bestu félagsliðum á Norðurlöndum. Öll þessi lið hafa verið HK til sóma og við erum ákaflega stolt af þeim sem og öllum okkar iðkendum sem leggja sig fram við æfingar til að verða betri í sinni íþrótt.

Fjöldi iðkenda frá HK hefur verið valinn til að spila í yngri landsliðnum Íslands og einnig hafa margir fengið boð í hæfileikamótun HSÍ. Þessi fjöldi ásamt því hve margir leikmenn í meistaraflokkum félagsins eru skipaðir uppöldum leikmönnum frá HK sýnir hversu miklu þetta öfluga yngri flokka starf hjá HK skilar.

**Önnur mál**

Stjórn handknattleiksdeildar stefnir að því að koma báðum liðum meistaraflokka félagsins í fremstu röð en þar sem meistaraflokkar eru reknir fyrir styrktarfé þá þarf að spýta í og sækja fleiri styrktaraðila fyrir starfið. Á liðnu starfsári hefur verið unnið ötullega að því að styrkja meistaraflokka félagsins með því að sækja nýja styrktaraðila ásamt því að vinna áfram með þeim styrktaraðilum sem hafa stutt okkur til lengri tíma og kunnum við þeim miklar þakkir og von um að halda áfram góðu samstarfi.

Stjórn Barna- og unglingaráðs og deildarstjórn er stöðugt að leita að fólki sem er tilbúið að leggjast á árarnar við að halda úti öflugu starfi handknattleiksdeildarinnar. Stjórnin vill því biðla til allra sem geta aðstoðað að bjóða fram krafta sína hvort sem er innan Barna- og unglingaráðs eða við störf fyrir meistaraflokka félagsins.

Fjölmargir sjálfboðaliðar hafa lagt hart að sér á liðnum árum við að gera HK að framúrskarandi félagi. Án framlags þessara einstaklinga hefði aldrei verið hægt að bjóða okkar iðkendum upp á fyrsta flokks þjálfun og frábæra umgjörð á leikjum og mótum. Stjórn HK vill þakka þessum einstöku sjálfboðaliðum fyrir framlag sitt til félagsins.

HK er lið fólksins og þið eruð HK.

**Stjórn handknattleiksdeildar**
Unnur Vala Jónsdóttir
Gjaldkeri

# SKÝRSLA KNATTSPYRNUDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Sigurjón Hallgrímsson** | formaður | **Kristján Jakobsson** | gjaldkeri |
| **Kristín Jónsdóttir** | varaformaður | **Hjörtur Þór Steindórsson** | meðstjórnandi |
| **Brynjar Þór Kristófersson** | meðstjórnandi | **Þorvarður Kristjánsson** | meðstjórnandi |
| **Baldur Már Bragason** | meðstjórnandi | **Jóhannes Ásbjörnsson** | meðstjórnandi |
| **Guðni Þór Kristinsson** | meðstjórnandi | | |

Fulltrúar ráða:

| | |
|---|---|
| **Kári Jónasson** | formaður meistaraflokksráðs karla |
| **Kristín Jónsdóttir** | fulltrúi meistaraflokksráðs kvenna |
| **Brynjar Þór Kristófersson** | formaður barna og unglingaráðs |

Árið 2025 var viðburðaríkt, krefjandi og skemmtilegt hjá knattspyrnudeildinni. Það skiptust á skin og skúrir eins og venjulega gerist í knattspyrnunni og árið 2025 var engin undantekning. Í byrjun ársins stóð 4. flokkur karla fyrir styrktarleik fyrir vin sinn sem greindist með langvinnan sjúkdóm. Fjöldinn allur af HK-ingum lagði málefninu lið og var Kórinn fullur af fólki að styðja við gott málefni. Kom þar bersýnilega í ljós hvað HK hjartað er stórt og samheldnin í félaginu er mikil. Þann 5. janúar 2025 komu HK-ingar saman og tóku á móti Glódísi Perlu og fögnuðu með henni en hún var bæði tilnefnd til Gullboltans og var kjörin Íþróttamaður ársins 2024.

Árangur HK á knattspyrnuvellinum var um margt góður. Markmið náðust ekki en fjölmargir ungir knattspyrnumenn og konur tókust á við krefjandi verkefni, mörg valin í hæfileikamótun KSÍ, mörg valin í unglingalandslið, kepptu á erlendri grundu, unnu mót á erlendri grundu, spiluðu úrslitaleiki og svo mætti telja lengi áfram.
Eftir að hafa snúið við rekstri knattspyrnudeildarinnar árið 2024 var hugur stjórnarinnar að halda áfram að stuðla að bættum rekstri deildarinnar. Fjölmargar hindranir stóðu í veginum en með miklum dugnaði tókst að viðhalda rekstrinum í ágætu jafnvægi. Viðburðarsalur HK var helmingaður sem gerði erfitt fyrir að halda Herrakvöld, eina stærstu fjáröflun HK en með samvinnu við handboltadeildina, var fyrsta sameiginlega herrakvöldið haldið með glæsibrag í handboltasalnum. Maikai mótið sem leitt var af BUR kom vel út og fær Brynjar Þór formaður BUR sérstakar þakkir fyrir frábæra vinnu í kringum mótið. Í aðdraganda úrslitaleiksins á Laugardalsvelli var að mörgu að huga. Söfnun styrkja, manna sjálfboðastöður, skreyta völlinn, búa til Fan Zone o.fl. Öll þessi vinna sem að framan er talin hefði ekki verið möguleg nema með öflugum sjálfboðaliðum sem vinna fyrir knattspyrnudeildina.

Fyrir HK er rekstur knattspyrnudeildarinnar ekki bara spurning um úrslit á töflunni heldur flókið vistkerfi þar sem hver þáttur styður við annan. Til þess að tryggja vöxt og stöðugleika þurfa þrír meginþættir að ganga í takt: Vera í efstu deild, leikmannasala og sjálfbær leið úr yngri flokkum.

- Að vera í deild þeirra bestu er grunnforsenda þess að allt hitt gangi upp. Verðmæti leikmanna margfaldast þegar þeir spila á hæsta stigi og félagið fær UEFA styrk og umtalsverðar réttindagreiðslur fyrir veru sína þar.
- Í nútíma fótbolta er sala leikmanna orðin ein mikilvægasta tekjulind félaga sem vilja vaxa. Með því að selja efnilega leikmenn út á réttum tíma skapast möguleiki að setja tekjur beint í félagið og bæta þar þjálfun og búnað.
- Leikmenn sem fara alla leið upp í gegnum yngri flokkana bera hjarta félagsins með sér. Þeir skilja gildi félagsins og minnka þörfina á að leikmenn séu keyptir til félagsins.

Í kringum þessa þrjá meginþætti verður svo að vera til staðar góð aðstaða, öflugt yngri flokka starf, fjárhagslegur stuðningur styrktaraðila og öflugir sjálfboðaliðar sem róa allir í sömu átt. Við verðum að búa til umhverfi fyrir okkar metnaðarfullu iðkendur, hvort sem það er öflug aðstaða, þjálfun eða sterkar fyrirmyndir í meistaraflokkunum.

Það má þó ekki einungis einblína á afreksleikmenn og árangurinn á vellinum. Félagslegt hlutverk HK er mikilvægt og forvarnargildi íþrótta er fyrir löngu sannað. Þegar iðkendur keyra framhjá Kórnum í framtíðinni eiga þeir að segja „Hér var gaman". Þannig búum við til sterka félagsmenn sem munu leggja félaginu lið í framtíðinni og efla klúbbinn.

**Meistaraflokkur kvenna** keppti sumarið 2025 í Lengjudeildinni. Nýtt þjálfarateymi með þeim Pétri Rögnvaldssyni og Andra Hjörvari Albertssyni tók við keflinu fyrir tímabilið og var markmiðið að byggja upp lið til framtíðar, framlengja samninga við kjarnann í liðinu og búa til samkeppnishæft lið sem gæti tekið stóra skrefið, í Bestu deild kvenna. Þjálfarateymið og liðið sannaði sig sem gríðarsterkt og voru stelpurnar einum leik frá því að fara upp. Fjöldinn allur af HK-ingum lagði leið sína til Njarðvíkur til að styðja stelpurnar í hreinum úrslitaleik um sæti í Bestu deildinni en þrátt fyrir tap sáust merki um að í smíðum er lið sem getur tekið skrefið í efstu deild. Ósigra þarf að nýta til að læra af og byggja upp.

Fyrir þetta tímabil hefur mikið kapp verið lagt á að styrkja liðið og reynt að sækja á innlendan markað til að búa til þann stöðugleika sem þarf. Einnig hafa fjölmargar ungar HK-stelpur fengið smjörþefinn af meistaraflokksfótbolta í HK og framtíðin afar björt kvennamegin.

Mikil eftirvænting ríkir fyrir komandi sumri og er stefnan sett beint upp. Það verður mjög spennandi að fylgjast með stelpunum í sumar.



**Meistaraflokkur karla** lék í Lengjudeildinni árið 2025 eftir fall árið á undan. Fyrir tímabilið steig Ómar Ingi Guðmundsson, þjálfari meistaraflokks til hliðar og ráðnir voru þeir Hermann Hreiðarsson og Halldór Geir Heiðarsson. Stefnan var sett beint aftur upp í deild þeirra bestu. Þrátt fyrir brösótta byrjun, komst HK alla leið í úrslitaleik Lengjudeildarinnar á Laugardalsvelli en laut þar í lægra haldi fyrir Keflavík. Var því hægt að segja að þrátt fyrir fínan árangur var niðurstaðan lakari en lagt var upp með í byrjun tímabils.

Eftir tímabilið kvöddu þeir Hermann og Halldór Geir og þökkum við þeim kærlega fyrir veru þeirra hjá HK. Gunnar Heiðar Þorvaldsson, Arnar Smárason og Sigurður Már Birnisson voru ráðnir en þeir komu frá Njarðvík. Þeir hafa náð eftirtektarverðum árangri sem þjálfarateymi en Njarðvík reyndist HK erfiður ljár í þúfu sumarið

2025 og voru þeir einum leik frá því að mæta okkur í áðurnefndum úrslitaleik.

Nýtt þjálfarateymi hefur komið inn af krafti. Það eru komnar inn nýjar áherslur í styrktarþjálfun og endurheimt leikmanna ásamt því að kominn er einkennandi leikstíll á liðið.

Stefnan hjá meistaraflokki karla er skýr, en það er að fara beint upp í Bestu deild karla og leika þar sumarið 2027. Það er mikið kappkefli fyrir félög að leika í efstu deild enda hefur bilið milli deilda aukist og mun aukast enn meira með auknum peningagreiðslum frá UEFA. Metnaður félags af stærðargráðu og HK, á líka að vera í efstu deild og sá ávöxtur sem af því ber skilar sér niður í alla knattspyrnudeildina sem og um allt hverfið.

Hjá körlunum ríkir einnig mikil eftirvænting og verður gaman að koma í Kórinn í sumar og sjá kraftmikinn fótbolta.



**Starfsemi yngri flokka**

Mikill kraftur er í yngri flokka starfseminni hjá HK og ávallt gaman að koma í Kórinn og fylgjast með miklum fjölda af krökkum spila knattspyrnu. Stöðugt er unnið að því að bæta við hæfileikaríkum þjálfurum sem efla okkar iðkendur og búa til félagsmenn til framtíðar.
Árangur yngri flokka í HK var góður. Til að stikla á stóru:

- *6.flokkur karla vann Orkumótið í Eyjum*
- *6.flokkur kvenna vann N1 mótið á Akureyri*
- *5.flokkur kvenna urðu Íslandsmeistarar í A, B og C-liðum*
- *3.flokkur karla varð Íslandsmeistari í B-liðum.*

Einnig var fjöldinn allur af ungum HK-ingum valinn bæði í æfingahópa KSÍ sem og til að keppa fyrir yngri landslið Íslands.

HK bauð upp á þrjú mót á árinu 2025 fyrir yngri flokka. Mótahaldið hófst með Gina Tricot móti fyrir 5. flokk kvenna sem var haldið af meistaraflokksráði kvenna. Mótið þótti lukkast vel en á mótinu bauð félagið upp á fyrirlestur frá Láru Hafliðadóttir um íþróttaiðkun og þær líkamlegu breytingar sem stúlkur upplifa á þessum aldri. Þriðja árið í röð var haldið Nettómót í 8. flokki stúlkna og drengja á Salavellinum í blíðskaparveðri og var mikil ánægja foreldra með skipulagið þar. Að lokum ber svo að nefna hið árlega og glæsilega Maikai mót fyrir 8.-6.flokk karla og kvenna. Stórt og glæsilegt mót sem vakti mikla lukku.



**Að lokum**

Árið 2025 hefur verið ár hæða og lægða. Framundan eru miklar áskoranir fyrir félagið en líka bjartir tímar.

Eftir veru í Lengjudeild karla undanfarin tvö ár er ljóst að UEFA styrkurinn og sjónvarpstekjur efstu deildar eru ekki að koma í félagið og býður það upp á ákveðnar áskoranir. Á sama tíma og við þurfum að kappkosta að koma félaginu í fremstu röð þurfum við einnig að horfa inn á við og skoða hvað við erum að gera og hvernig við getum bætt það.

Það er oft sem samfélagsumræðan er á þann veg að of mikill fókus sé á íþróttir og að mikil fjárútlát

fari í að byggja upp íþróttamannvirki svo dæmi séu tekin. Er þetta allt tilgangslaust? Eru stjórnvöld að sólunda fjármunum og tíma í áhugamál örfárra? Forvarnargildi íþrótta er óumdeilt og hver króna sem fer í íþróttastarf skilar sér margfalt til baka. Við sem komum að knattspyrnudeildinni þurfum að halda áfram að byggja ofan á það góða starf sem hefur verið unnið og hlúa að öllum sem að starfinu koma. Við erum öll þátttakendur í að gera ungum HK-ingum kleift að stunda sína íþrótt, njóta samverunnar og eflast sem einstaklingar. Læra á sigra og töp og fara í gegnum lífið með gildi sem munu nýtast þeim ævilangt.

Á sama tíma og ég þakka Kópavogsbæ fyrir samstarfið og stuðninginn á árinu, vil ég fyrir hönd stjórnar árétta það að núna er tími til að gefa í og halda áfram að hlúa að íþróttastarfi í Kópavogi. Framundan er bygging nýrrar stúku fyrir utan Kórinn. Það mun lyfta öllu starfinu upp og er frábært skref í rétta átt. Hafa ber þó í huga að mikil íbúaaukning er í kortunum og því mikilvægt að horfa lengra til framtíðar en eitt kjörtímabil. Öll viljum við halda í þau miklu gæði sem eru til staðar í dag þegar kemur að knattspyrnuiðkun. Þar af leiðandi verður aðstaðan að stækka og þróast í takt við fólksfjölgunina í hverfinu og það aukna álag sem henni fylgir. Þannig verður hægt að sinna öllum komandi iðkendum jafn vel og þeim er sinnt í dag.

Ég vil þakka meðstjórnendum mínum í knattspyrnudeildinni, starfsmönnum HK, Kórsins og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lögðu knattspyrnudeildinni lið, kærlega fyrir samstarfið á árinu. Án ykkar væri fótboltinn í HK ekki neitt. Einnig vil ég koma á framfæri miklu þakklæti til þeirra fjölmörgu styrktaraðila sem lagt hafa deildinni lið á árinu. Ykkar framlag er nauðsynlegt fyrir rekstur deildarinnar.

Sérstakar þakkir fá svo Hjörtur Þór Steindórsson og Kristján Jakobsson fyrir þeirra störf í gegnum tíðina, en þeir gefa ekki kost á sér áfram í stjórn. Það eru spennandi tímar fram undan fyrir knattspyrnudeildina og verður gaman að starfa fyrir félagið árið 2026. Hið unga félag er að stækka og ætlar sér stóra hluti.

GLEÐI – VIRÐING - METNAÐUR

Áfram HK!

**Stjórn knattspyrnudeildar**
Sigurjón Hallgrímsson
Formaður

# SKÝRSLA BLAKDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Laufey Björk Sigmundsdóttir** | Formaður | **Erna Bergþóra Einarsdóttir** | Varaformaður |
| **Halldór Á. Elvarsson** | Gjaldkeri | **Anna Kristjánsdóttir** | Ritari |
| **Markús Ingi Matthíasson** | Meðstjórnandi | **Hulda Björgvinsdóttir** | Meðstjórnandi |
| **Líney Inga Guðmundsdóttir** | Meðstjórnandi | **Dren Morina** | Meðstjórnandi |
| **Arna Sólrún Heimisdóttir** | Meðstjórnandi | | |

Fulltrúar ráða:

| | |
|---|---|
| **Markús Ingi og Dren Morina** | Meistaraflokksráð karla |
| **Líney Inga og Arna Sólrún** | Meistaraflokksráð kvenna |
| **Hulda Björgvinsdóttir** | Formaður barna og unglingaráðs |

**Aðstaða**

Blakdeildin er með æfingar í Digranesi og Fagralundi. Helmingur æfinga meistaraflokkanna eru í Digranesi þar sem báðir flokkar æfa samtímis í hálfum sal, á tveimur rúmgóðum völlum, og verið er að nýta húsið vel, þá tíma sem við höfum til umráða. Þær æfingar sem meistaraflokkar æfa í Fagralundi eru á ⅓ velli til að koma öllum fyrir. Starfið okkar heldur áfram að vaxa og dafna. 1. deildar liðin eru fjögur og samanstanda þrjú þeirra af U20 liðum. Yngri liðin æfa öll tvær æfingar í Digranesi að kvöldi til og aðrar æfingar í Fagralundi, en fjórða liðið, sem keppir undir merkjum Ýmis æfir í Fagralundi tvisvar sinnum í viku.

Meistaraflokkarnir taka styrktaræfingar sínar bæði í Kórnum eins og aðrar deildir félagsins, og Digranesi, en U20 liðin okkar halda áfram styrktarþjálfun í Kórnum. Aðstaða kraft-lyftingadeildar Breiðabliks í Digranesi er enn annmörkum háð og ekki alltaf mögulegt fyrir liðin að æfa á þeim tímum sem hentar best en betur hefur þó tekist að tengja styrktaræfingarnar við boltaæfingar. Styrktarþjálfunin hjá U20 og meistaraflokki karla er í gegnum Jóhann Birni Guðmundsson en einnig eru margar af U16 stúlkum komnar í styrktarþjálfun hjá honum. Hjá meistaraflokki kvenna, og U14 er styrktarþjálfun í höndum viðkomandi þjálfara, Massimo og Bryan, og eru í kjölfar æfinganna sem eru ýmist í Fagralundi og Digranesi. Þar mætti gjarnan bæta aðstöðuna svo hægt væri að bjóða upp á fjölbreyttari æfingar.

Fagrilundur er einnig gríðarlega mikilvægur fyrir starf blakdeildarinnar og væri gott að að fá aftur inn fleiri æfingar á mánudags- og/eða miðvikudagskvöldum, þó ekki væri nema þegar ekki eru körfuboltaleikir eða æfingar á þeirra vegum, en einnig hefur verið klippt af æfingatíma í Fagralundi á föstudagskvöldum. Yngri flokkarnir okkar æfa í Fagralundi ásamt flestum æfingum neðri deilda en þó nokkrir hópar eru þó að æfa á sunnudagskvöldum í Digranesi vegna tímaleysis. Við erum enn og aftur með þann lúxusvanda að vera búin að sprengja utan af okkur plássið og tímana vegna mikillar aðsóknar. Blakdeild HK heldur áfram að taka vel á móti nýjum iðkendum á öllum aldri í starfið og skilar það sér í mikilli fjölgun í deildinni og erum við stolt af þessum

hluta starfseminnar. Það er ekki eingöngu einblínt á afreksstarf heldur einnig verið að gefa fólki kost á að stunda íþróttina með lýðheilsumarkmið í huga. Í yngri flokkunum fjölgar statt og stöðugt og er gríðarlegur fjöldi iðkenda á hverjum velli á flest öllum æfingum. Við erum komin með feykilega stóran hóp af flottum og efnilegum unglingum svo okkur bráðvantar fleiri æfingatíma. Ungmennahóparnir kvennamegin hafa stækkað svo um munar og virðist ekkert lát þar á. Við gerum því ráð fyrir því að skipta upp elstu hópunum í U18 og U20 á þessu ári, þótt eitthvað flæði verði líklega á aldri milli hópa.

Í lok nóvember var farið í endurbætur í Fagralundi þar sem skipt var um ljós og veggir málaðir. Tók framkvæmdin í heildina tæpar 5 vikur þar sem við gátum einungis nýtt tvo af þremur völlum í Fagralundi í einu. Enn á ný reyndi vel á skipulagshæfni, umburðarlyndi og sveigjanleika liðanna og voru æfingar ýmist keyrðar saman, á breyttum tímum eða spilaðir æfingaleikir að heiman en einnig reyndist körfuboltadeild Breiðabliks okkur rosalega vel og eftirlét okkur tímana þeirra á mánudags- og miðvikudagskvöldum svo okkur tókst að komast nokkuð vel frá þessu krefjandi tímabili. Í kjölfarið hefur síðan gengið betur að fá að nýta tíma sem eru ónotaðir af þeirra hálfu og hafa samskiptin milli Kópavogsliðanna verið á uppleið og er það öllum til bóta.

**Heimaleikir**

Allir leikir blakdeildar HK fara fram í Digranesi við toppaðstæður þar sem allar kröfur eru uppfylltar um lofthæð og rými í kringum vellina. Fjölmargir leikir eru spilaðir í úrvals- og 1. deildum eða 54 heimaleikir á tímabilinu 2025-2026 fyrir utan bikar og úrslitakeppni. Það er því áfram heilmikið púsl að passa upp á æfingatíma fyrir öll lið og alla flokka, ef frá eru taldir yngri flokkar 16 ára og yngri. Öll keppnislið innan blakdeildarinnar koma að einhverjum hætti að umsjónum á heimaleikjum liðanna á hverju tímabili.

**Íslandsmót**

Blakdeild HK átti 18 lið á Íslandsmóti BLÍ tímabilið 2024-2025 og 2025-2026 með þeim breytingum þó að eitt kk-lið datt út úr 1. deild að hausti 2025 og annað var sett inn í 3. deild. Þar af eru 3 lið í neðri deildum kvenna sem skipuð eru yngri flokka leikmönnum úr U20 og U16. Meistaraflokkur karla endaði í 6. sæti af átta liðum í Unbroken deildinni vorið 2025 og var því ekki með í úrslitakeppninni. Liðið datt út í undanúrslitum í Kjörísbikarnum eftir háspennuleik. Kvennaliðið lenti í 4. sæti í Unbroken deildinni það sama vor og datt út eftir undanúrslit í úrslitakeppninni á móti þreföldum sigurvegurum það ár.

Eitt kvennalið keppti í 1. deild kvenna, Ýmir, sem endaði í 2. sæti í deildarkeppni og úrslitakeppni 2024-2025. Tvö kvennalið kepptu í U20 og B-liða deild, sem skipuð voru yngri flokka leikmönnum, þar sem spilaðir voru annars vegar stakir leikir í suðvestur- og norðausturdeildum, og þremur helgarmótum með öllum liðum. HK liðin lentu í 1. og 6. sæti í deildarkeppni og helgarmótin samanlagt og í úrslitakeppninni sigraði HK B og urðu Íslandsmeistarar U20 og B liða. Sama fyrirkomulag var í U20 og B-liða deild karla og var HK einnig með tvö lið þar. Lið HK B endaði í 3. sæti eftir mót vetrarins og sömuleiðis í úrslitakeppni en mjög ungt lið HK Y endaði í 6. sæti. Þetta fyrirkomulag með U20 og B-lið reyndust ekki nægilega vel og það vantaði fleiri sterka leiki svo þessu var breytt að hausti 2025 og er að skila frábærri 1. deildar keppni með mörgum sterkum leikjum.



**Íslandsmeistarar U20 kvenna 2025**

Tvö lið kepptu í neðri deildum karla 2024-2025 (2.-3. deild) og níu lið í neðri deildum kvenna (2.-7. deild), þar sem leikið er í þremur helgarmótum

sem haldin eru víðsvegar um landið. Þrjú af kvennaliðum HK voru skipuð af yngri flokka leikmönnum.

Yngri flokkarnir fóru á nokkur mót út á land árið 2025, U20 liðin kepptu á helgarmóti í Neskaupstað í febrúar, U16 keppti á Húsavík og U12 og U14 kepptu á Ísafirði í maí. Einnig fóru yngri flokka liðin á helgarmót í neðri deildum, eitt lið keppti á Akureyri í mars, tvö lið á Dalvík í október og eitt lið á Akureyri sömu helgi. Önnur mót fyrir yngri flokka leikmenn, og stakir leikir, voru haldin á höfuðborgarsvæðinu.

## Mótahald HK og aðrar fjáraflanir

Mótahald HK er gríðarlega mikilvæg fjáröflun fyrir allt starf innan blakdeildarinnar og eins og oft áður höfum verið að halda flest mót á vorönn. Árið hófst að venju á HK trimm í janúar, og í mars héldum við þrjú mót. Þar byrjuðum við á að halda Kjörísbikarinn í Digranesi þar sem öll umgjörð er eins og best gerist, sett er upp taraflex gólf og öll umsjón eins og í landsleikjum, viku síðar héldum við Íslandsmót neðri deilda fyrir 3., 5. og 6. deild kvenna á 7 völlum í Digranesi og Fagralundi. Tveimur vikum síðar héldum við úrslitamót 1. deilda og U20 í Digranesi. Yfir sumartímann héldum við Íslandsmótið í strandblaki í ágúst.

Á haustönn byrjuðum við á að halda eitt af þremur Íslandsmótum fyrir U20 liðin í Fagralundi, hæfilega stórt mót með nokkrum liðum í gistingu og fæði. Svo héldum við fyrri hluta Íslandsmót yngri flokka annað árið í röð, U12, U14 og U16 og var það mót aftur haldið í Kórnum með börn utan af landi í gistingu og fæði, góðar tekjur voru af mótinu og gríðarleg ánægja með alla aðstöðu í Kórnum. Bæði þessi mót fóru mjög vel fram og mikil ánægja með þau svo að eftir var tekið og fengum við góða endurgjöf.

Auk mótanna tók deildin einnig þátt í fjáröflunum í formi vörutalninga, brautarvörslu, vinnu í tengslum við Kópavogsblótið og árshátíð Kópavogsbæjar og fjármálafyrirtækjamóts í Kórnum.

## Öldungamót - Stuðboltinn 2025

Stærsta fjáröflun ársins var öldungamótið sem fram fór í Kórnum í byrjun maí. Mótið er allt spilað undir sama þaki, þrjá daga í röð með kvöldskemmtunum fyrri tvö kvöldin og lokahófi síðasta kvöldið. Blakdeild HK hélt einnig öldungamótið árið 2022 og því var vinnan síðan þá í fersku minni. Þetta mót gefur blakdeildinni gríðarlega miklar tekjur inn í starfið og er mjög mikilvægt fyrir okkur og ágóðinn styður við starfið næstu árin.

## Þjálfaramál

Við erum með gríðarlega gott þjálfarateymi innan blakdeildar HK og búum við að mikilli reynslu og góðri samvinnu þjálfaranna. Gerðar voru breytingar á þjálfun meistaraflokkanna þar sem þjálfararnir svissuðu hópum, Massimo Pistoia þjálfar nú meistaraflokk kvenna og Bryan Silva Grisales meistaraflokk karla. Bryan er einnig með U20 karla og U14 kvenna og fjölgar statt og stöðugt í þeim hópum eins og flestum öðrum. Emil Gunnarsson er þjálfari U20 og U16 kvenna ásamt því að vera yfirþjálfari yngri flokka en honum til aðstoðar eru Thelma Dögg Grétarsdóttir, Matthildur Einarsdóttir, Arnar Birkir Björnsson, Pedro Dupuy de Lôme og Bjarki Benediktsson, sem einnig er í aðstoð hjá meistaraflokki kvenna. Loks er Anabel Colina Sainz De La Maza með þjálfun á U12 hópum, Gunnar Bjarki Hilmarsson með U14 karla og Mateusz Klóska er áfram með 1. deildarlið Ýmis. Við erum einnig með aðstoðarþjálfara í yngri flokkum og marga fleiri þjálfara sem koma að þjálfun neðri deilda.

Meistaraflokksþjálfararnir okkar stýra kvennalandsliðinu og höfum við verið mjög liðleg við að leggja fram okkar æfingatíma fyrir landsliðsæfingar auk þess sem við erum með einn þjálfara í yngri landsliðum, Thelmu Dögg.

## Leikmannamál

Meistaraflokkur karla er að miklu leyti skipaður ungum leikmönnum, í bland við reyndari leikmenn, og er liðið gríðarlega vaxandi og verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Meistaraflokkur kvenna er blandaður af ungum leikmönnum úr grasrótarstarfinu ásamt reyndum leikmönnum upprunnum frá HK sem eru að koma aftur heim haustið 2025 eftir að hafa spilað erlendis. Einnig eru að halda áfram að koma upp stórir hópar í yngri flokkunum sem banka fast á dyrnar hvað varðar spilatíma.

Fjöldi núverandi og fyrrverandi leikmanna HK spila með landsliðum Íslands á öllum stigum en við áttum einnig 3 leikmenn í úrvalsdeildarliðum ársins síðastliðið vor. Við áttum 5 leikmenn leikmenn í hvoru liði sem kepptu í Silver League og einnig 5 leikmenn karlalandsliðsins á Smáþjóðaleikunum í Andorra auk 4 leikmanna í Evrópukeppni smáþjóða á Írlandi þar sem sent var landslið ungmenna til keppni.

**Íþróttahátíð HK**

Íþróttafólkið okkar var að venju heiðrað á íþróttahátíð HK að ári loknu en að þessu sinni voru það Arnar Birkir Björnsson og Savannah Dean Marshall sem voru tilnefnd af blakdeild HK. Arnar Birkir var valinn íþróttamaður HK, fyrirliði meistaraflokks og fastamaður í landsliðinu síðustu ár. Hann hefur einnig setið í stjórn blakdeildar og sinnt fjöldamörgum sjálfboðaliðastörfum í gegnum árin og er því verðugur fulltrúi okkar.




Símon Þór Gregorsson og Þorbjörg Rún Emilsdóttir voru heiðruð í flokki 13-16 ára og loks var lið U20 kvenna valið lið ársins hjá HK, annað árið í röð, en liðið varð Íslandsmeistari á árinu ásamt því að gríðarleg fjölgun hefur orðið í þessum flokki eftir frábært uppeldisstarf deildarinnar.



**U20 lið karla og kvenna í bleikum október**

**Blakfólk ársins**

Blakfólk ársins voru bæði leikmenn frá HK sem hafa einnig spilað erlendis, Matthildur Einarsdóttir og Máni Matthíasson. Máni spilaði með meistaraflokki HK tímabilið 2024-2025 en fór aftur erlendis að spila haustið 2025. Matthildur kom aftur á móti heim haustið 2025 eftir nokkurra ára útlegð í atvinnumennsku erlendis og spilar nú með meistaraflokki kvenna.




**Strandblak og strandblaksaðstaða í Fagralundi**

Mikil ánægja er með strandblaksvelli og aðstöðu í Fagralundi og hafa vellirnir verið vel nýttir frá vori og fram á haust. Greiða þurfti mánaðarlega fyrir Skeddu, forrit sem heldur utan um bókanir á vellina, og það hefur komið til tals að reyna að rukka þau lið sem halda mót á völlunum til að fá einhverja innkomu inn í þá upphæð. Sérstaklega þar sem aukin aðsókn er í stöðugt mótahald sem nær yfir 3-4 virk kvöld góðan part sumarsins. Einnig voru unglingalandsliðin á æfingum þar líkt og landsliðin sem kepptu á Smáþjóðaleikunum í júní. Þar að auki var 3 vikna námskeið fyrir ungmenni í júlí-ágúst. Áhugi er á því að bæta um betur á nýju ári og bjóða upp á fastar æfingar fyrir ungmennin okkar góðan hluta úr sumri. Það

myndi síðan bæta aðstöðuna verulega að fá rennandi vatn og klósettaðstöðu við vellina en sömuleiðis væri mjög gott ef hægt væri að komast í rafmagn á keppnissvæðinu.

Ísland hefur í fyrsta sinn í sögunni tryggt sér þátttökurétt með fjórum landsliðum í strandblaki á lokamótum Evrópumeistaramóta. Bæði karla- og kvennalandslið Íslands í U17 og U19 aldursflokkum unnu til gullverðlauna í Evrópukeppni smáþjóða, SCA mótaröðinni, sem fram fóru í Andorra og á Írlandi, og þar með réttinn til að keppa í aðalkeppni EM U18 og EM U20 sumarið 2026. HK átti þrjá fulltrúa í þessum 8 manna hópi, Markús Freyr Arnarsson í U17, Emil Már Diatlovic í U19 karla og Þorbjörg Rún Emilsdóttir í U17 kvenna en þau fóru einnig með liðsfélögum sínum á NEVZA mót U18 og U20 í strandblaki í Bridlington ásamt þremur öðrum fulltrúum HK, Tómasi Davidssyni, Jökli Jóhannssyni og Riccardo Meucci. Auk þess sem Emil og Tómas kepptu í SCA mótaröð fullorðinna í Skotlandi og Hermann Hlynsson keppti með liðsfélaga sínum á smáþjóðaleikunum í Andorra.



**Leikmenn U17 og U19 karla, og U17 kvenna, sem tryggt hafa sér þáttökurétt á lokamótum Evrópumeistaramóta**

Stigameistarar í strandblaki voru leikmenn mfl. HK, í karlaflokki Tómas Davidsson og Magdalena Sigurjónsdóttir í kvennaflokki. Þau enduðu bæði í öðru sæti á Íslandsmótinu ásamt liðsfélögum sínum sem einnig koma úr HK, Emil Már Diatlovic annars vegar og Savannah Dean Marshall hins vegar. Íslandsmeistarar í U16 voru Ása Margrét Kristjánsdóttir og Þorbjörg Rún Emilsdóttir, en allir verðlaunahafar í þeim flokki koma úr HK.

**Sumarstarf blaksins**

Æfingatímabilið hjá elstu hópum yngri flokkanna náði aftur inn í sumarið, allir flokkar æfðu fram í lok maí eða byrjun júní og þá tók við 4 vikna sumarnámskeið fyrir elstu flokkana til og með 10. júlí. Tímabilið hófst svo aftur hjá meistaraflokkunum og U20 karla strax eftir versló, og viku síðar hjá U20 og U16 kvk. Aðrir flokkar og neðri deildir hófu svo sitt starf í byrjun september.

Sumarnámskeiðin hjá blakdeildinni voru haldin í Kórnum í júní og ágúst, annars vegar nokkur blaknámskeið og hins vegar tvö fjölgreinanámskeið, en það fyrirkomulag er spennandi þar sem skráningin í fjölgreinanámskeiðið er mjög góð og fullt af áhugasömum krökkum sem sækja það. Í gegnum þetta starf var blakdeildin með tvo sumarstarfsmenn á vegum Kópavogsbæjar sem einnig aðstoðuðu við strandblaksmót sumarsins.

**Hollvinir blakdeildar HK - HK blakarar**

Áfram er hægt að vera Hollvinur blakdeildar HK í gegnum Abler og færum við þeim fáu einstaklingum hjartans þakkir fyrir stuðninginn. Markmiðið er að efla og styðja við allt starf innan blakdeildar HK. Mjög mikilvægt er að setja aukinn kraft í að safna hollvinum.

**Að lokum**

Eins og fyrr er öll starfsemi blakdeildar HK byggð á sjálfboðaliðastarfi og er starfsemin ansi umfangsmikil á köflum, verkefnin eru margvísleg og er stjórnin þakklát fyrir alla sjálfboðaliða sem spretta fram þegar mikið liggur við. Blakdeildin býr yfir flottum og kraftmiklum hóp sem vinnur vel saman og viljum við þakka öllum innilega sem komið hafa að starfinu. Við erum í stöðugri endurskoðun á því hvernig við getum gert starfið okkar enn betra og betrumbætt verkefnaskiptingu til að dreifa álagi.

**Stjórn blakdeildar**
Laufey Björk Sigmundsdóttir
Formaður

# SKÝRSLA BORÐTENNISDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Örn Þórðarson** | formaður | **Björn Gunnarsson** | meðstjórnandi |
| **Garðar Gylfason Malmquist** | gjaldkeri | **Bjarni Þ. Bjarnason** | meðstjórnandi |
| **Reynir Georgsson** | meðstjórnandi | **Eva Ósk Benediktsdóttir** | meðstjórnandi |

Á tímabilinu æfði góður hópur barna, unglinga og fullorðinna hjá Borðtennisdeild HK. Sérstaklega var góður upptaktur í barna- og unglingastarfinu þar sem þátttakendum fjölgaði nokkuð. HK hefur á að skipa efnilegustu unglingum landsins eins og glöggt kom fram á seinasta keppnistímabili. Yngstu hóparnir stóðu sig frábærlega og voru í verðlaunasætum í öllum keppnum sem þeir tóku þátt í.

**Flokkakeppni unglinga**

Flokkakeppni unglinga fór fram á Hvolsvelli og þar sigraði lið HK A lið HK B í úrslitum í flokki undir 13 ára. Lið HK A skipuðu þeir Benedikt Garðarsson Malmquist og Brynjar Gylfi Malmquist. Lið HK B skipuðu þeir Jörundur Hansen og Andri Sigurjón Hrundarson.

Lið HK C lenti í 5. sæti eftir harða baráttu við HK B í 8 liða úrslitum.

**Íslandsmót unglinga**

Benedikt Garðarsson Malmquist varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik 13 ára og yngri ásamt Benedikt Jiyao Davíðssyni úr Víkingi. Benedikt varð svo í öðru sæti í aldursflokknum eftir hörkuviðureign við leikmann frá BH.

Brynjar Gylfi Malmquist varð í öðru sæti í flokki 11 ára og yngri eftir viðureign við Benedikt Jiyao Davíðsson frá Víkingi.



**Íslandsmót liðakeppni**

HK átti lið í öllum deildum BTÍ. HK A fyrsta deild, HK B önnur deild, HK C þriðja deild og HK D í fjórðu deild.

D liðið, sem er skipað leikmönnum 13 ára og yngri, gerði sér lítið fyrir og lenti í öðru sæti í suðurriðli og keppti til úrslita í fjórðu deild við sigurvegara norðurriðils.

Lið HK D skipuðu Brynjar Gylfi Malmquist, Jörundur Hansen, Andri Hrundarson, Björn Kári Valsson, Hjörleifur Brynjólfsson og Sindri Þór Heimisson.



## Íslandsmót fullorðinna

Íslandsmót fullorðinna fór fram í mars 2025 og var árangur þar góður.

## Íslandsmót öldunga

HK-ingar fengu tvo titla á Íslandsmóti öldunga:

- Bjarni Þ. Bjarnason sigraði í flokki 50-60 ára eftir hörkuviðureign við Örn Þórðarson HK.
- Þeir unnu svo tvíliðaleikinn saman í sama flokki en þurftu að spila í aldursflokki 40-50 ára og þar töpuðu þeir ekki leik svo segja má að þeir séu meistarar í flokki 40-60!

## Landslið

Óskar Agnarsson tók þátt í æfingum A-landsliðsins og stóð sig vel.

## Aðstaða

HK æfir og keppir í íþróttahúsi Snælandsskóla sem hentar ágætlega fyrir borðtennisíþróttina en þar er aðgengi fyrir fatlaða ábótavant eins og bent hefur verið á.

## Stjórn Borðtennisdeildar

Örn Þórðarson
Formaður

# SKÝRSLA DANSDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

| | |
|---|---|
| **Ólafur Már Hreinsson** | Formaður |
| **Heiðrún S. Nielsdóttir** | Varaformaður |
| **Björg Guðjónsdóttir** | Meðstjórnandi |
| **Jóhanna Ósk Jónasdóttir** | Meðstjórnandi |
| **Haukur Ragnarsson** | Meðstjórnandi |

Síðasta starfsár var sautjánda heila árið í starfi Dansdeildar HK og gekk það mjög vel. Pör frá dansdeildinni tóku þátt í öllum mótum sem völ var á hér á landi og erlendis.

Áframhaldandi fjölgun hefur orðið í byrjenda- og barnahópunum okkar sem er mjög gleðilegt þar sem það mun stækka keppnishópinn okkar til framtíðar.

Starfsemi deildarinnar fer fram í Íþróttahúsinu Digranesi en áfram er unnið að því að deildin fái varanlega aðstöðu. Haustið 2020 þurfti deildin að færa sig frá Fagralundi, sem var í raun kjöraðstaða til æfinga, og er ennþá leitað að sambærilegum sal.



Fjárhagslegur rekstur deildarinnar gekk þolanlega á árinu, tap var af rekstrinum en eigið fé deildarinnar er yfir 100 þús. kr.



Meginstörf stjórnarinnar voru:

a) hagsmunagæsla fyrir deildina gagnvart aðalstjórn HK
b) hagsmunagæsla fyrir deildina gagnvart DSÍ
c) að halda utan um fjárhag deildarinnar.

Danskennarar deildarinnar eru:

- Esther Inga Níelsdóttir yfirkennari
- Rakel Guðmundsdóttir
- Níels Einarsson
- Karen Reeve
- María Tinna Hauksdóttir
- Eva Karen Ólafsdóttir

Vill stjórn deildarinnar þakka þeim gott samstarf á árinu.

**Stjórn dansdeildar**
Ólafur Már Hreinsson
formaður

# SKÝRSLA BANDÝDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

**Anna Lea Friðriksdóttir** formaður
**Ólafur B. Sveinsson** varaformaður
**Anna Þóra Pétursdóttir** gjaldkeri
**Katrín M. Haig Konráðsdóttir** meðstjórnandi
**Valgeir Steinn Gunnarsson** meðstjórnandi

Í upphafi tímabilsins 2025 voru fimm flokkar virkir hjá bandýdeildinni; krakkaflokkur 10-13 ára (skipt í kk og kvk), unglingaflokkur 13-16 ára, spilhópur karla 16 ára og eldri, spilhópur kvenna 16 ára og eldri og meistaraflokkur en í honum æfa karlar og konur á meistaraflokksstigi saman. Allir flokkarnir voru starfandi í Digranesi. Staðan í flestum flokkum var ágæt, iðkendafjölda í krakkaflokki drengja hrakaði en það skrifast á nauman tíma sem deildin hefur til æfinga og erfitt að koma öllum að á þeim fáu klukkutímum sem deildin fær úthlutað. Þar af leiðandi fékk drengjaflokkurinn eingöngu einn klukkutíma í viku og það hafði sitt að segja í iðkendafjölda. Hins vegar var góð fjölgun í stúlknaflokki sem hafði tvo klukkutíma til æfinga í viku.

Opnir nýliðatímar voru haldnir fyrir konur 16 ára og eldri sem skilaði sér í auknum fjölda leikmanna í kvennaflokki.

HK er eina félagið sem spilar á meistaraflokksstigi á Íslandi. Yngri flokkarnir hafa verið í sambandi við íshokkílið landsins en það eru því miður engin lið fyrir yngri flokkana til að keppa við hérlendis sem eflaust vegur þungt þegar kemur að því að velja sér íþrótt til iðkunar.

Haldið var mót fullorðinna í Digranesi á starfsárinu en þar mætti til leiks fjöldi liða sem spilar bandý víðs vegar um land og var mikil ánægja með mótið. Fjöldi leikmanna sem tók þátt í mótunum hverju sinni var um 100.

Haldnar voru foreldraæfingar með yngsta hópnum en þar er foreldrum boðið að taka þátt í æfingum með börnum sínum.

Líkt og undanfarin ár var boðið upp á sumaræfingar nema yfir hásumarið. Æfingar fóru fram í Digranesi og gengu vel fyrir sig. Á sumaræfingum spila saman unglingar og fullorðnir iðkendur og spila kynin saman á þessum æfingum til að nýta sem best æfingatímann sem býðst.



Tímabilið hófst á ný í byrjun september. Það var góð fjölgun í krakkaflokki stúlkna eins og áður segir og kvennaflokkurinn stendur styrkum fótum. Meistaraflokksstarfið er metnaðarfullt og hefur skilað sér í sterkum leikmönnum. Hjá fullorðnum héldu þær breytingar á meistaraflokksstarfinu sér að kvk og kk spila á sameiginlegum æfingum til að nýta nauman tíma sem býðst til æfinga.

Fulltrúar frá bandýdeild HK hafa einnig lagt stund á kynningarstarf til barna og ungmenna á grunnskólaaldri og heimsótt skóla til að kynna íþróttina og stýra leik og spili í íþróttatímum. Einnig var farið af stað með kynningarverkefni til yngri barna í Kópavogsskóla en spilað er einu sinni í viku og reynt að ná til barna í frístund skólans. Fjöldi iðkenda er ekki mikill en stjórnin mun halda áfram því starfi og vonandi færa út kvíarnar til fleiri skóla.

Einnig var farið af stað með tækniæfingar meistaraflokks í Kópavogsskóla. Aðstæður eru ekki kjörnar en ekki hefur gengið vel að fá aukinn tíma í Digranesi og þetta því vonandi skammtímalausn.

Bandýdeildin tók þátt í sumarnámskeiðum HK í fyrsta sinn með formlegum hætti á árinu en áður hafði hún eingöngu komið inn sem hluti af stærri námskeiðum. Fjöldi skráðra var ekki mikill en vilji er til að halda áfram því verkefni á nýju starfsári með vonandi betri heimtum. Bandýdeildin gerir það þó að tillögu sinni að námskeiðin verði haldin á heimavelli bandýsins í Digranesi enda er líklegast að sækja iðkendur til framtíðar í þeim hverfum sem liggja þar að auk þess sem allur búnaður er þar innanhúss.

Bandýdeild HK kom að skipulagningu tveggja landsleikja sem fram fóru í Digranesi í nóvember 2025 en þá léku Ísland og Kanada vináttuleiki. Verkefnið sýnir vel að Digranes hentar til slíkra leikja og að hægt væri að halda stærri viðburði í íþróttinni hérlendis.

Uppaldir leikmenn úr HK eru áberandi í landsliðum beggja kynja sem er til vitnis um gæði starfsins í HK.
Bæði karla- og kvennalandsliðin kepptu á HM í Sviss á árinu en kvennaliðið komst í undanúrslit í sínum flokki. Liðið er að meirihluta skipað leikmönnum HK.

Á íþróttahátíð HK fengu eftirtaldir leikmenn viðurkenningu í hópi ungmenna: Ívar Öberg og Álfhildur Sunna Úlfsdóttir og í hópi fullorðinna: Bára Gunnarsdóttir og Matthías Rúnarsson. Flokkur ársins var stúlknaflokkurinn.

**Stjórn bandýdeildar**
Anna Lea Friðriksdóttir
Formaður

# HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

## STARFSMERKI

*Veitt þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir félagið. Veitingin skal bundin samróma samþykki Aðalstjórnar.*

| | | |
|---|---|---|
| Aðalheiður Bjarnadóttir | 2017 | Knattspyrnudeild |
| Anný Berglind Thorstensen | 2024 | Blakdeild |
| Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir | 2017 | Knattspyrnudeild |
| Baldur Már Bragason | 2017 | Knattspyrnudeild |
| Björn Ágúst Júlíusson | 2015 | Aðalstjórn |
| Björn Bergsson | 2017 | Knattspyrnudeild |
| Elsa Sæný Valgeirsdóttir | 2017 | Blakdeild |
| Erla Hanna Hannesdóttir | 2024 | Handknattleiksdeild |
| Eyrún Harpa Hlynsdóttir | 2017 | Blakdeild |
| Gunnar Þjóðólfsson | 2015 | Aðalstjórn |
| Hákon Hermannsson Bridde | 2017 | Handknattleiksdeild |
| Heiðdís Ösp Ingvadóttir | 2017 | Blakdeild |
| Hrafnhildur Theódórsdóttir | 2024 | Blakdeild |
| Jóhannes Egilsson | 2017 | Blakdeild |
| Karl K. Benediktsson | 2017 | Handknattleiksdeild |
| Kjartan Briem | 2017 | Knattspyrnudeild |
| Kristín Jónsdóttir | 2025 | Knattspyrnudeild |
| Kristján Rafn Hjartarson | 2017 | Borðtennisdeild |
| Leifur Kristjánsson | 2017 | Knattspyrnudeild |
| Magnús Bollason | 2017 | Borðtennisdeild |
| Natalia Ravva | 2017 | Blakdeild |
| Ólafur Már Hreinsson | 2024 | Dansdeild |
| Rafnar Rafnarsson | 2017 | Handknattleiksdeild |
| Ragnheiður Soffía Georgsdóttir | 2024 | Aðalstjórn |
| Sigurborg Kristinsdóttir | 2024 | Handknattleiksdeild |
| Sigurður Viðarsson | 2015 | Aðalstjórn |
| Sigurrós Lilja Grétarsdóttir | 2025 | Knattspyrnudeild |
| Torfi Jóhannsson | 2017 | Blakdeild |
| Viggó Magnússon | 2015 | Aðalstjórn |
| Þorgeir Lárus Árnason | 2015 | Aðalstjórn |
| Þorsteinn Gunnar Guðnason | 2017 | Blakdeild |
| Þorsteinn Hallgrímsson | 2017 | Knattspyrnudeild |
| Þorvar Hafsteinsson | 2024 | Knattspyrnudeild |

## SILFURMERKI

*Veitt þeim einstaklingi sem hefur setið í stjórn deilda eða félags í að minnsta kosti 10 ár. Unnið mjög óeigingjarnt starf innan félagsins í að minnsta kosti 10 ár. Keppt fyrir hönd félagsins (16 ára og eldri) og starfað í stjórnum samtals í 20 ár.*

Alexander Arnarson 2010 Aðalstjórn - Handknattleiksdeild
Fyrir störf í aðalstjórn og sem formaður og leikmaður í handknattleik

Andrea Gísladóttir 2009 Knattspyrnudeild
Fyrir störf að knattspyrnumálum

Atli Þór Hannesson 2024 Bandýdeild
Fyrir störf að þjálfun, stjórnun og eflingu bandýíþróttar

Ásta Sigrún Gylfadóttir 2010 Blakdeild
Fyrir ósérhlífni í störfum að þjálfun barna og unglinga í blaki

Ásta St. Eiríksdóttir 2010 Knattspyrnudeild
Fyrir störf að kvennaknattspyrnu og stjórnun

Bjarni Þorgeir Bjarnason 2024 Borðtennisdeild
Fyrir störf að þjálfun, stjórnun og eflingu borðtennis

Björg Erlingsdóttir 2011 Blakdeild
Fyrir ósérhlífni í störfum að stjórnun og eflingu blakíþróttar

Brynjar Freyr Valsteinsson 2025 Handknattleiksdeild
Leikmaður og fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar og stjórnarsetu

Brynjar Júlíus Pétursson 2011 Blakdeild
Fyrir störf að þjálfun og eflingu blakíþróttar

Einar Sigurðsson 2010 Aðalstjórn
Fyrir störf knattspyrnu og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins

Einar Tómasson 2017 Aðalstjórn
Fyrir störf að málefnum blakíþróttar og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins

Emil Gunnarsson 2024 Blakdeild
Fyrir störf að þjálfun og eflingu blakíþróttar

Guðlaug Þórhallsdóttir 2011 Knattspyrnudeild
Fyrir störf að málefnum knattspyrnu og leikmanna

Gunnþór Hermannsson 2009 Aðalstjórn
Fyrir ómetanlegt starf í þágu félagsins, sögu og búningamál

Hafdís Ebba Guðjónsdóttir 2012 Handknattleiksdeild
Fyrir störf að þjálfun, stjórnun og eflingu handknattleiks

Halldór Elvarsson 2017 Blakdeild
Fyrir störf að málefnum blakiðkunar

Halldór K. Valdimarsson 2010 Aðalstjórn
Fyrir störf að knattspyrnumálum og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins

Hákon Hermannsson Bridde 2025 Handknattleiksdeild
Fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar

Heiðbjört Gylfadóttir 2010 Blakdeild
Fyrir störf að málefnum blakiðkunar

Hilmar Rafn Kristinsson 2012 Knattspyrnudeild
Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu

Hilmar Sigurgíslason 2009 Handknattleiksdeild
Stofnfélagi, leikmaður, þjálfari og stjórnarmaður

| | | |
|---|---|---|
| Hólmfríður Kristjánsdóttir | 2017 | Aðalstjórn |
| Fyrir störf að knattspyrnumálum og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins | | |
| Hörður Már Magnússon | 2012 | Knattspyrnudeild |
| Leikmaður og störf að málefnum knattspyrnu | | |
| Ingibjörg Gunnarsdóttir | 2010 | Blakdeild |
| Fyrir störf að málefnum blakiðkunar og aðalstjórnar | | |
| Karl Sigurðsson | 2010 | Blakdeild |
| Fyrir brautryðjendastörf að málefnum strandblaks | | |
| Kristinn Briem | 2010 | Knattspyrnudeild |
| Fyrir störf að knattspyrnumálum, stjórnun og sem leikmaður | | |
| Kristinn Gunnarsson | 2009 | Knattspyrnudeild |
| Fyrir störf að knattspyrnumálum og stjórnun | | |
| Kristinn Guðmundsson | 2012 | Handknattleiksdeild |
| Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum handknattleiks | | |
| Kristín Guðmundsdóttir | 2009 | Knattspyrnudeild |
| Stjórnarmaður unglingaráðs og deildarstjórnar | | |
| Laufey Guðmundsdóttir | 2017 | Aðalstjórn |
| Fyrir störf að málefnum félagsins | | |
| Laufey Björk Sigmundsdóttir | 2024 | Blakdeild |
| Leikmaður og störf að stjórnun og eflingu blakíþróttar | | |
| Lilja Þórhallsdóttir | 2011 | Knattspyrnudeild |
| Fyrir störf að málefnum knattspyrnu og leikmanna | | |
| Níels Einarsson | 2024 | Dansdeild |
| Fyrir störf að þjálfun, stjórnun og eflingu dansíþróttar | | |
| Ólafur Víðir Ólafsson | 2025 | Handknattleiksdeild |
| Leikmaður og fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar | | |
| Ómar Geir Þorgeirsson | 2010 | Aðalstjórn |
| Fyrir störf að íþróttamálum og störf í aðalstjórn félagsins | | |
| Ómar Ingi Guðmundsson | 2017 | Knattspyrnudeild |
| Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu | | |
| Ósk Kristinsdóttir | 2017 | Knattspyrnudeild |
| Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu | | |
| Ragnar Gíslason | 2017 | Knattspyrnudeild |
| Þjálfari og störf að málefnum knattspyrnuiðkunar | | |
| Ragnar Bogi Pedersen | 2010 | Knattspyrnudeild |
| Fyrir störf að málefnum knattspyrnu, þjálfun og sem leikmaður | | |
| Rúnar Einarsson | 2010 | Handknattleiksdeild |
| Fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar | | |
| Rögnvaldur Guðmundsson | 2009 | Handknattleiksdeild |
| Stjórnamaður unglingaráðs og deildarstjórnar | | |
| Sigurður Viðarsson | 2024 | Aðalstjórn |
| Fyrir óeigingjörn störf í þágu félagsins | | |
| Sigvaldi Einarsson | 2010 | Knattspyrnudeild |
| Fyrir störf að knattspyrnumálum, stjórnun og sem leikmaður | | |
| Vilborg Guðmundsdóttir | 2009 | Aðalstjórn og Blakdeild |
| Stjórnarmaður deildarstjórnar og aðalstjórnar | | |
| Valdís Árnadóttir | 2017 | Handknattleiksdeild |
| Fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar | | |

| | | |
|---|---|---|
| Vilhelm Gauti Bergsveinsson | 2017 | Handknattleiksdeild |

Fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar og stjórnarsetu í aðalstjórn

| | | |
|---|---|---|
| Þórey Haraldsdóttir | 2017 | Blakdeild |

Fyrir störf að málefnum blakiðkunar

## GULLMERKI

*Veitt þeim einstaklingi sem hefur setið í stjórn deilda eða félags í að minnsta kosti 20 ár. Unnið mjög óeigingjarnt starf innan félagsins í að minnsta kosti 20 ár. Keppt fyrir hönd félagsins (16 ára eða eldri) og starfað í stjórnum samtals í 25 ár.*

Alexander Arnarson 2024 Aðalstjórn - Handknattleiksdeild
Fyrir störf í aðalstjórn og sem formaður og leikmaður í handknattleik

Björg Erlingsdóttir 2024 Blakdeild
Fyrir ósérhlífni í störfum að stjórnun og eflingu blakíþróttar

Einar Tómasson 2024 Aðalstjórn
Stjórnarmaður aðalstjórnar og óeigingjart starf í þágu félagsins

Finnur Kristinsson 2010 Aðalstjórn
Stjórnarmaður aðalstjórnar og málefni handknattleiksiðkunar

Gísli B. Kristjánsson 2000 Aðalstjórn
Stofnandi og stjórnarmaður aðalstjórnar HK

Gunnþór Hermannsson 2015 Aðalstjórn
Fyrir ómetanlegt starf í þágu félagsins, sögu og búningamál

Halldór Ásgrímur Elvarsson 2025 Blakdeild
Fyrir ósérhlífni í störfum að stjórnun og eflingu blakíþróttar

Hólmfríður Kristjánsdóttir 2021 Aðalstjórn
Stjórnarmaður aðalstjórnar og óeigingjarnt starf í þágu félagsins

Jón Ármann Héðinsson 2000 Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK

Kristinn Gunnarsson 2012 Aðalstjórn - Knattspyrnudeild
Fyrir störf sem leikmaður, stjórnarstörf unglingaráða deildarstjórn og Aðalstjórn

Kristinn Skæringsson 2000 Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK

Magnús Gíslason 2009 Aðalstjórn - Handknattleiksdeild
Stofnandi, stjórnarmaður unglingaráðs og deildarstjórnar, varaformaður HK

Ómar Ingi Guðmundsson 2025 Knattspyrnudeild
Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu

Ragnar Ólafsson 2011 Handknattleiksdeild
Leikmaður, þjálfari og fyrir störf að málefnum handknattleiks

Ragnheiður Kolviðsdóttir 2021 Aðalstjórn
Stjórnarmaður aðalstjórnar og óeigingjarnt starf í þágu félagsins

Víðir Sigurðsson 2009 Aðalstjórn - Knattspyrnudeild
Leikmaður ÍK, stjórnarmaður unglinga- og deildarstjórnar

## HEIÐURSMERKI HK

*Æðsta viðurkenning sem HK veitir. Veitt þeim sem hefur starfað í stjórnum að minnsta kosti í 25 ár. Verið formaður deildar. Setið í Aðalstjórn. Handhafar geta aldrei orðið fleiri en 10 manns á hverjum tíma.*

Albert H N Valdimarsson 2004 Aðalstjórn
Ómetanlegt starf innan blakdeildar eða frá stofnun hennar í 30 ár

Gísli B. Kristjánsson 2010 Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK

| | | |
|---|---|---|
| Jón Ármann Héðinsson | 2010 | Aðalstjórn |
| Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK | | |
| Sigurjón Sigurðsson | 2024 | Aðalstjórn |
| Formaður HK í 15 ár | | |
| Þorsteinn Einarsson | 2008 | Aðalstjórn |
| Formaður HK í 20 ár | | |
| Þorvarður Áki Eiríksson | 1981 | Aðalstjórn |
| Stofnandi og formaður HK í 12 ár | | |

## HEIÐURSFÉLAGI HK

*Æðsta viðurkenning sem HK veitir einstaklingi sem er ekki félagi í HK. Veitt þeim einstaklingi sem hefur á einhvern hátt stutt félagið á ómetanlegan hátt til margra ára. Veitt þeim einstaklingi sem hefur á* mjög ósérhlífin hátt stuðlað að framgangi félagsins.

| | | |
|---|---|---|
| Gunnar I. Birgisson | 2008 | Aðalstjórn |
| Bæjarstjóri Kópavogs | | |
| Ómar Stefánsson | 2008 | Aðalstjórn |
| Formaður bæjarráðs Kópavogs | | |

# ÁRSREIKNINGAR

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Alexander Arnarson
Kt. 1412733889
Dags. 14.4.2026 15:02:42
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Kt. 0605804999
Dags. 14.4.2026 15:05:08
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Andrés Jónsson
Kt. 3005794189
Dags. 14.4.2026 15:13:23
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Karl Guðmundsson
Kt. 1909765219
Dags. 14.4.2026 16:10:52
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Anný Berglind Thorstensen
Kt. 2912715889
Dags. 14.4.2026 17:12:33
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Heiðar Þór Karlsson
Kt. 2710853389
Dags. 15.4.2026 08:25:06
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir
Kt. 2910753559
Dags. 15.4.2026 14:53:51
Ástæða: Undirritun

DIGITAL SIGNATURE Dags. 21.4.2026 13:34:57
Kristinn Brynjar Pálsson
Kristinn Brynjar Pálsson
Reason: Signature

# Handknattleiksfélag Kópavogs

## Samstæðuársreikningur 2025

Handknattleiksfélag Kópavogs
Vallakór 12-14
203 Kópavogi
kt. 630981-0269

# Handknattleiksfélag Kópavogs

## Samstæðuársreikningur 2025

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Könnunarályktun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7-9 |

# Könnunarályktun óháðs endurskoðanda

**Til Aðalstjórnar Handknattleiksfélags Kópavogs**

Við höfum kannað meðfylgjandi samstæðuársreikning Handknattleiksfélags Kópavogs fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda við könnun**

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum siðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 14. apríl 2026

**Deloitte ehf.**

Heiðar Þór Karlsson
endurskoðandi

*Ársreikningur samstæðu Handknattleiksfélags Kópavogs fyrir árið 2025 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda*

# Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningur Handknattleiksfélags Kópavogs fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagasamtakanna er að standa fyrir iðkun íþrótta á meðal félagsmanna, auka áhuga þeirra á líkamlegu heilbrigði og efla íþróttastarf á starfssvæði sínu.

**Starfsemin á árinu**

| | |
|---|---|
| Hagnaður félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam....................................... | 27.793.127 |
| Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu....................................... | 230.472.300 |
| Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam....................................... | 110.889.018 |
| Eiginfjárhlutfall félagins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam............................... | 48% |

**Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra**

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Handknattleiksfélags Kópavogs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Handknattleiksfélags Kópavogs staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Kópavogur, 14. apríl 2026

**Í stjórn**

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir

Alexander Arnarson

Kristinn Brynjar Pálsson

Andrés Jónsson

Guðmundur Karl Guðmundsson

Anný Berglind Thorstensen

Anna Fríða Stefánsdóttir

**Framkvæmdastjóri**

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

*Ársreikningur samstæðu Handknattleiksfélags Kópavogs fyrir árið 2025 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.*

# Rekstrarreikningur ársins 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlög frá Kópavogsbæ | | 835.003.853 | 805.853.758 |
| Styrkir og framlög | | 131.388.092 | 105.140.018 |
| Tekjur af mótum | | 50.379.305 | 61.306.887 |
| Æfingagjöld | | 212.281.736 | 204.946.235 |
| Sala á vörum og þjónustu | | 22.673.129 | 18.983.923 |
| Aðrar tekjur | | 81.433.868 | 54.449.028 |
| | | 1.333.159.983 | 1.250.679.849 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Leiga mannvirkja af Kópavogsbæ | | (685.350.841) | (662.945.338) |
| Laun, verktakagreiðslur og annar starfsmannakostnaður | 5 | (491.335.897) | (451.583.915) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (17.527.011) | (13.366.075) |
| Búningar og ýmis aðbúnaður | | (15.008.708) | (16.322.680) |
| Mótakostnaður | | (35.640.397) | (33.375.551) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (61.246.458) | (61.439.603) |
| Afskriftir | | (4.690.673) | (2.388.873) |
| | | (1.310.799.985) | (1.241.422.035) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 22.359.998 | 9.257.814 |
| Fjármunatekjur | | 8.485.936 | 6.232.174 |
| Fjármagns- og þjónustugjöld | | (3.052.807) | (3.446.949) |
| | | 5.433.129 | 2.785.225 |
| **Hagnaður ársins** | | 27.793.127 | 12.043.039 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| Eignir | Skýr. | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir ............................................ | 7 | 9.788.877 | 11.957.750 |
| Leikmenn ................................................................... | 6 | 9.458.200 | 3.980.000 |
| | | 19.247.077 | 15.937.750 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur ............................................................ | | 44.388.081 | 54.755.948 |
| Aðrar skammtímakröfur ................................................. | | 4.938.240 | 4.972.466 |
| Handbært fé ................................................................ | | 161.898.902 | 121.906.610 |
| | | 211.225.223 | 181.635.024 |
| **Eignir** | | 230.472.300 | 197.572.774 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Sérstakt endurmat leikmanna .......................................... | | 4.100.000 | 3.100.000 |
| Óráðstafað eigið fé ....................................................... | | 106.789.018 | 78.995.891 |
| **Eigið fé** | | 110.889.018 | 82.095.891 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir ............................................................ | | 9.760.630 | 8.992.569 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur .............................................. | | 85.612.000 | 83.000.000 |
| Aðrar skammtímaskuldir ................................................. | | 24.210.652 | 23.484.314 |
| | | 119.583.282 | 115.476.883 |
| **Skuldir** | | 119.583.282 | 115.476.883 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 230.472.300 | 197.572.774 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 22.359.998 | 9.257.814 |
| Afskriftir | 6,7 | 4.690.673 | 2.388.873 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 27.050.671 | 11.646.687 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun) | | 10.402.093 | (748.935) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun | | 4.106.399 | 13.137.106 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 41.559.163 | 24.034.858 |
| Innborgaðir vextir | | 8.485.936 | 6.232.174 |
| Greiddir vextir | | (3.052.807) | (3.446.949) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 46.992.292 | 26.820.083 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| (Keyptir)/Seldir leikmenn | 6 | (7.000.000) | (1.100.000) |
| | | (7.000.000) | (1.100.000) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Leiðréttingar fyrri ára færðar á eigin fé | | 0 | (1.700.057) |
| | | 0 | (1.700.057) |
| Hækkun handbærs fjár | | 39.992.292 | 24.020.026 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 121.906.610 | 97.886.584 |
| Handbært fé í lok árs | | 161.898.902 | 121.906.610 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Handknattleiksfélag Kópavogs eru félagasamtök, sem standa fyrir iðkun íþrótta á meðal félagsmanna, auka áhuga þeirra á líkamlegu heilbrigði og efla íþróttastarf á starfssvæði sínu.

Handknattleiksfélag Kópavogs er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Vallakór 12-14, 203 Kópavogi.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings Aðalstjórnar HK og ársreikninga meistaraflokks knattspyrnudeildar, yngri flokka knattspyrnudeildar, bandýdeildar, meistaraflokks blakdeildar, yngri flokka blakdeildar, borðtennisdeildar, dansdeildar, meistaraflokks handknattleiksdeildar og yngri flokka handknattleiksdeildar.

## 5. Laun, verktakagreiðslur og annar starfsmannakostnaður

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Laun | 176.473.294 | 158.365.792 |
| Launatengd gjöld | 35.845.508 | 30.710.320 |
| Annar starfsmannakostnaður | 1.207.019 | 1.910.016 |
| Verktakagreiðslur | 240.001.473 | 231.612.921 |
| Rekstrarleiga bifreiða og annar kostnaður | 37.808.603 | 28.984.866 |
| | 491.335.897 | 451.583.915 |

## 6. Óefnislegar eignir

| **Leikmannasamningar greinast þannig:** | Samtals |
|---|---|
| Kaupverð að frádregnum afskriftum 1.1.2025 | 880.000 |
| Keyptir leikmenn | 7.000.000 |
| Afskriftir á árinu | (2.521.800) |
| Kaupverð að frádregnum afskriftum 31.12.2025 | 5.358.200 |
| Endurmat 1.1.2025 | 3.100.000 |
| Matsbreyting leikmanna á árinu | 1.000.000 |
| Endurmat 31.12.2025 | 4.100.000 |
| **Bókfært verð** | |
| Staða 1.1.2025 | 3.980.000 |
| Staða 31.12.2025 | 9.458.200 |

# Skýringar

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Auglýsingaskilti | Áhöld, tæki og innréttingar | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Staða 1.1.2025 | 11.483.450 | 31.400.005 | 42.883.455 |
| Staða 31.12.2025 | 11.483.450 | 31.400.005 | 42.883.455 |
| **Afskriftir** | | | |
| Staða 1.1.2025 | 10.335.105 | 20.590.600 | 0 |
| Afskrift ársins | 0 | 2.168.873 | 2.168.873 |
| Staða 31.12.2025 | 10.335.105 | 22.759.473 | 2.168.873 |
| **Bókfært verð** | | | |
| Staða 1.1.2025 | 1.148.345 | 10.809.405 | 11.957.750 |
| Staða 31.12.2025 | 1.148.345 | 8.640.532 | 9.788.877 |
| Afskriftarhlutföll | 6% | 15-20% | |

## 8. Eigið fé

| Eigið fé greinist þannig: | Endurmat | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2024 | 3.300.000 | 68.952.912 | 72.252.909 |
| Endurmat leikmanna | (500.000) | 0 | (500.000) |
| Leiðrétting á eigin fé fyrri ára | 300.000 | (2.000.057) | (1.700.057) |
| Hagnaður ársins | 0 | 12.043.039 | 12.043.039 |
| Eigið fé 1.1.2025 | 3.100.000 | 78.995.894 | 82.095.891 |
| Endurmat leikmanna | 1.000.000 | 0 | 1.000.000 |
| Hagnaður ársins | 0 | 27.793.127 | 27.793.127 |
| Eigið fé 31.12.2025 | 4.100.000 | 106.789.021 | 110.889.018 |

## 9. Reikningsskilaaðferðir

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

# Skýringar

## 9. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

### Skattamál

Íþróttafélög eru undanþegin tekjuskatti að því gefnu að þau verji hagnaði sínum einungis til almannaheilla og hafi það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum, sbr. 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Eignir (leikmenn) eru skráðar(ir) meðal varanlegra rekstrarfjármuna (óefnislegra eigna) þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrafjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

## REKSTRARREIKNINGUR 2025

## SUNDURLIÐAÐ Á DEILDIR

| | Aðalstjórn | Handbolti MFL | Handbolti BUR | Knattspyrna MFL | Knattspyrna BUR | Blak MFL | Blak BUR | Borðtennis | Dans | Bandý | Millifærslur | Allar deildir SAMSTÆÐA | 2024 SAMSTÆÐA |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR:** | | | | | | | | | | | | | |
| Kópavogsbær - mannvirki | 685.350.841 | | | | | | | | | | | 685.350.841 | 662.945.338 |
| Kópavogsbær - rekstrarstyrkir | 149.653.012 | | | | | | | | | | | 149.653.012 | 142.908.420 |
| Aðrir styrkir og framlög | 5.533.509 | 28.683.170 | 3.296.222 | 78.423.861 | 9.128.049 | 3.847.829 | 1.225.721 | 99.074 | 569.160 | 581.497 | | 131.388.092 | 105.140.018 |
| Æfingagjöld | 3.339.097 | | 52.222.569 | | 127.441.269 | 9.634.472 | 13.695.319 | 1.417.375 | 3.036.407 | 1.495.228 | | 212.281.736 | 204.946.235 |
| Tekjur af mótum | | 6.445.046 | 2.884.550 | 19.578.445 | | 18.055.664 | 3.415.600 | | | | | 50.379.305 | 61.306.887 |
| Sala á vörum og þjónustu | 30.480.329 | | | | | | | | | | (7.807.200) | 22.673.129 | 18.983.923 |
| Aðrar tekjur | 21.604.335 | 10.233.164 | 2.220.400 | 36.187.646 | 4.712.700 | 3.120.947 | 2.743.351 | 189.120 | 156.991 | 265.214 | | 81.433.868 | 54.449.028 |
| | **895.961.123** | **45.361.380** | **60.623.741** | **134.189.952** | **141.282.018** | **34.658.912** | **21.079.991** | **1.705.569** | **3.762.558** | **2.341.939** | **(7.807.200)** | **1.333.159.983** | **1.250.679.849** |
| **REKSTRARGJÖLD:** | | | | | | | | | | | | | |
| Leiga mannvirkja af Kópavogsbæ | 685.350.841 | | | | | | | | | | | 685.350.841 | 662.945.338 |
| Laun og verktakar | 148.315.388 | 37.619.309 | 49.977.193 | 88.591.184 | 135.309.892 | 12.869.480 | 12.827.666 | 1.541.000 | 3.171.935 | 1.112.850 | | 491.335.897 | 451.583.915 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 15.276.380 | 74.700 | 2.791.126 | 1.048.089 | 4.579.798 | 114.397 | 676.800 | 72.313 | 494.208 | 206.400 | (7.807.200) | 17.527.011 | 13.366.075 |
| Búningar og ýmis aðbúnaður | | 3.540.280 | 2.517.840 | 5.836.581 | 2.291.179 | 822.828 | | | | | | 15.008.708 | 16.322.680 |
| Mótakostnaður | | 9.573.975 | 2.003.447 | 7.742.931 | 5.842.259 | 8.252.617 | 1.613.030 | 81.662 | 126.399 | 404.077 | | 35.640.397 | 33.375.551 |
| Annar rekstrarkostnaður | 29.534.981 | 4.388.609 | 1.814.591 | 17.329.415 | 2.864.894 | 2.748.801 | 1.649.646 | 216.821 | 92.969 | 605.731 | | 61.246.458 | 61.439.603 |
| Afskriftir | 2.168.873 | | | 2.521.800 | | | | | | | | 4.690.673 | 2.388.873 |
| | **880.646.463** | **55.196.873** | **59.104.197** | **123.070.000** | **150.888.022** | **24.808.123** | **16.767.142** | **1.911.796** | **3.885.511** | **2.329.058** | **(7.807.200)** | **1.310.799.985** | **1.241.422.035** |
| Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði | 15.314.660 | (9.835.493) | 1.519.544 | 11.119.952 | (9.606.004) | 9.850.789 | 4.312.849 | (206.227) | (122.953) | 12.881 | | 22.359.998 | 9.257.814 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | | | | | | | | | | |
| Vaxtatekjur | 2.535.845 | 45.158 | 896.839 | 831.478 | 2.359.007 | 717.955 | 393.307 | 299.398 | 26.660 | 380.289 | | 8.485.936 | 6.232.174 |
| Vaxtagjöld og bankakostnaður | (517.702) | (30.583) | (574.534) | (153.214) | (1.245.938) | (336.100) | (114.501) | (22.499) | (22.506) | (35.230) | | (3.052.807) | (3.446.949) |
| | **2.018.143** | **14.575** | **322.305** | **678.264** | **1.113.069** | **381.855** | **278.806** | **276.899** | **4.154** | **345.059** | | **5.433.129** | **2.785.225** |
| **Hagnaður (tap) ársins** | **17.332.803** | **(9.820.918)** | **1.841.849** | **11.798.216** | **(8.492.935)** | **10.232.644** | **4.591.655** | **70.672** | **(118.799)** | **357.940** | | **27.793.127** | **12.043.039** |

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2025

| | Aðalstjórn | Handbolti MFL | Handbolti BUR | Knattspyrna MFL | Knattspyrna BUR | Blak MFL | Blak BUR | Borðtennis | Dans | Bandý | Millifærslur | Allar deildir SAMSTÆÐA | 2024 SAMSTÆÐA |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | | | | | | | | | |
| **Fastafjármunir** | | | | | | | | | | | | | |
| *Rekstrarfjámunir* | | | | | | | | | | | | | |
| Auglýsingaskilti | 1.148.345 | | | | | | | | | | | 1.148.345 | 1.148.345 |
| Áhöld, tæki og innréttingar | 8.640.532 | | | | | | | | | | | 8.640.532 | 10.809.405 |
| | **9.788.877** | - | - | - | - | - | - | - | - | - | | **9.788.877** | **11.957.750** |
| *Óefnislegar eignir* | | | | | | | | | | | | | |
| Eignfærðir leikmenn | | | | 9.458.200 | | | | | | | | 9.458.200 | 3.980.000 |
| **Fastafjármunir** | **9.788.877** | - | - | **9.458.200** | - | - | - | - | - | - | | **19.247.077** | **3.980.000** |
| **Veltufjármunir** | | | | | | | | | | | | | |
| *Skammtímakröfur:* | | | | | | | | | | | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur | 2.371.377 | 1.649.980 | 6.366.577 | 5.517.797 | 29.353.381 | 1.581.328 | 2.271.180 | 141.592 | | 73.109 | | 49.326.321 | 54.755.948 |
| Kröfur á deildir | 46.920.693 | | | | | | | | | | (46.920.693) | - | - |
| *Handbært fé:* | | | | | | | | | | | | | |
| Bankareikningar | 32.661.419 | 2.035.796 | 23.103.638 | 15.980.586 | 49.923.588 | 11.741.718 | 13.428.318 | 5.401.843 | 207.395 | 7.414.601 | | 161.898.902 | 121.906.610 |
| **Veltufjármunir** | **81.953.489** | **3.685.776** | **29.470.215** | **21.498.383** | **79.276.969** | **13.323.046** | **15.699.498** | **5.543.435** | **207.395** | **7.487.710** | | **211.225.223** | **176.662.558** |
| **Eignir alls** | **91.742.366** | **3.685.776** | **29.470.215** | **30.956.583** | **79.276.969** | **13.323.046** | **15.699.498** | **5.543.435** | **207.395** | **7.487.710** | | **230.472.300** | **192.600.308** |
| **Skuldir og eigið fé** | | | | | | | | | | | | | |
| **Eigið fé** | | | | | | | | | | | | | |
| Sérstakur endurmatsreikningur | | | | 4.100.000 | | | | | | | | 4.100.000 | 3.100.000 |
| Eigið fé | 74.616.251 | (16.555.746) | 4.941.652 | 817.122 | 12.921.020 | 8.882.380 | 8.642.430 | 5.395.987 | 107.395 | 7.020.527 | | 106.789.018 | 78.995.891 |
| **Eigið fé** | **74.616.251** | **(16.555.746)** | **4.941.652** | **4.917.122** | **12.921.020** | **8.882.380** | **8.642.430** | **5.395.987** | **107.395** | **7.020.527** | | **110.889.018** | **82.095.891** |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | | | | | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | 2.352.017 | 1.310.512 | 1.041.563 | 2.612.351 | 1.299.045 | 193.711 | 236.800 | 147.448 | 100.000 | 467.183 | | 9.760.630 | 8.992.569 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | | 20.000.000 | | 56.000.000 | 3.612.000 | 6.000.000 | | | | | 85.612.000 | 83.000.000 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 14.774.098 | 1.181.010 | 2.487.000 | 2.136.667 | 8.964.404 | 634.955 | 820.268 | | | | (6.787.750) | 24.210.652 | 23.484.314 |
| Skuldir við aðalstjórn | | 17.750.000 | 1.000.000 | 21.290.443 | 92.500 | | | | | | (40.132.943) | - | - |
| **Skammtímaskuldir** | **17.126.115** | **20.241.522** | **24.528.563** | **26.039.461** | **66.355.949** | **4.440.666** | **7.057.068** | **147.448** | **100.000** | **467.183** | | **119.583.282** | **115.476.883** |
| **Skuldir og eigið fé alls** | **91.742.366** | **3.685.776** | **29.470.215** | **30.956.583** | **79.276.969** | **13.323.046** | **15.699.498** | **5.543.435** | **207.395** | **7.487.710** | | **230.472.300** | **197.572.774** |